

Guðmundur St. Sigurðarson
Bryndís Zoëga

Fornleifaskráning Skagabyggðar Árbakki og Vindhæli



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2010/103

Forsíðumynd: Varða ofan við Árbakka (nr. 41), Skagaströnd í baksýn.



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráninga.....	3
Aðferð við skráningu.....	4
Saga Árbakka	5
Fornleifaskrá.....	8
Árbakkabúð	21
Árbakkasel.....	26
Horfnað minjar og óskráðar	27
Saga Vindhælis.....	29
Fornleifaskrá.....	32
Skógarhús	42
Vindhælisbúð	49
Þjóðsagnastaðir.....	55
Óstaðsettar minjar	56
Annað	57
Samantekt og niðurstöður.....	58
Minjar í landi Árbakka	58
Áhugaverðar minjar á Árbakka til kynningar eða rannsókna	59
Minjar í landi Vindhælis	60
Áhugaverðar minjar á Vindhæli til kynningar eða rannsókna	61
Niðurlag.....	62
Heimildaskrá	63

Inngangur

Haustið 2009 lauk öðrum áfanga vettvangsskráningar fornleifa í Skagabyggð vegna aðalskipulags. Skráningin var unnin af Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fyrir sveitarfélagið. Jarðirnar sem skráðar voru Árbakka og Vindhælis sem hér eru til umfjöllunar, voru jarðirnar Víkur, Krókasel, Hróarsstaðir, Kurfur, Örlygsstaðir og Hlíð, Skeggjastaðir, Kelduland (Hafsvellir), Efri- og Neðri-Harrastaðir (Harrastaðakot), Brandaskarð, Árbakki, Vindhæli, Ytri-Ey og Syðri-Ey (Eyjarkot), Ytri-Hóll, Njálstaðir og Þverá í Norðurárdal.

Um var að ræða heildarskráningu á þessum jörðum þar sem allar fornleifar sem tengjast hverri jörð og nýtingu hennar voru mældar upp og þeim lýst; minjar í heimatúni, auk stekkjja, beitarhúsa, selja og hjáleigna ef einhverjar eru. Á þann hátt skapast yfirsýn yfir minjar sem heyrt hafa saman í tíma og rúmi þótt alltaf megi búast við því að töluverður fjöldi minja sé horfinn af náttúru- eða mannavöldum.

Samkvæmt samningi Skagabyggðar og Byggðasafns Skagfirðinga miðast skráningin við jarðabók Johnsens frá 1847 og eru þær jarðir sem þar fá sérstakt númer skráðar sem sjálfstæðar jarðir, alls 17 jarðir árið 2009.

Heimildavinna vegna skráningarinnar Árbakka og Vindhælis hófst á vordögum og var í höndum Berglindar Þorsteinsdóttur fornleifafræðings. Vettvangsvinna fór fram í júní og var í höndum Bryndísar Zoëga landfræðings og Guðmundar St. Sigurðarsonar fornleifafræðings sem einnig sá um skýrslugerð.

Landeigendum kunnnum við þakkir fyrir leyfi til að fara um jarðir þeirra og heimildamönnum sérstakar þakkir fyrir veittar upplýsingar og aðstoð, þeim Jakobi H. Guðmundssyni bónda á Árbakka, Magnúsi B. Guðmannssyni, bónda á Vindhæli og Páli Magnússyni frá Vindhæli.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga, né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

Aðferð við skráningu

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær gamli bærinn á Árbakka númerið 1 (auðkennt Árbakki - 1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvrnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins en Fornleifavernd hefur yfirumsjón með minjavörslu á landinu. Til dæmis er kennitala fyrir Árbakki - 1, 11821.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hóbýli manna, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túna eða í nágrenni þeirra séu í einhverri hættu af völdum framkvæmda en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða þykir til að ætla að þær verði fyrir hnjaski. Hættumat kann að breytast síðar vegna framkvæmda eða annarra ástæðna sem ófyrirséðar voru þegar minjarnar voru skráðar. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vef stofnunarinnar: www.fornleifavernd.is. Þá er reynt að leggja mat á aldur minjanna í grófum dráttum og það birt í töflu aftast í skýrslunni. Þar sem heimildir eru um aldur minja er þess sérstaklega getið, annars staðar er aldur áætlaður útfrá útliti og ástandi, auk gróðurfars og grósku í og við minjarnar. Ástand getur verið fjölbreytt eftir aðstæðum, minjar fallið og troðist út á skömmum tíma meðan aðrar haldast stæðilegar um langan aldur. Gróðurfar er oft betri vísbending, þar sem minjar geta verið grænni og gróskumeiri en umhverfið í allt að tvö til þrjú hundruð ár, en fara eftir það að samlagast umhverfinu betur. Það verður því að taka þessum áætlaða aldri með fyrirvara.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Grunnflötur og útlit minjanna var mælt upp með gps tækjunum eða punktur tekinn eftir atvikum. Þessar teikningar, punktar og línur voru færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. í eigu Sveitarfélagsins Skagabyggðar. Upplýsingarnar voru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins. Minjar sem ekki sjást á yfirborði en traustar heimildir eru fyrir hvar hafi staðið, s.s. byggingar sem mældar voru upp á svonefndum túnakortum á fyrrihluta 20. aldar, eða minjar sem heimildamenn töldu sig geta staðsett með öryggi, voru sömuleiðis hnitsettar en þar má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Saga Árbakka



Mynd 1, horft heim að Árbakka af Þjóðvegi 1. Spákonufell í baksýn. Upp við fjósið sem þarna er í byggingu sjást leifar gamla torfbæjarins enn (Mynd birt með leyfi Héraðsskjal safns Austur-Húnavatnssýslu).

Í *Húnaþingi* segir: „Bærinn stendur á syðri bakka Hrafnár, norðvestan undir Skógaröxl. Í austur opnast Hrafnadalur. Árbakkaland er víðlent og grösugt – ræktunarmöguleikar eru miklir, en þó er sums staðar þörf á framræslu. Þar er útbeit góð en þó veðrasamt. Hrognkelsaveiði telst þar til hlunninda.“¹

Enn fremur segir um Árbakka í *Húnaþingi*: „Á Árbakka fæddist Valtýr Guðmundsson, forkólfur Valtýinga (Hafnarstjórnarmanna) [...]“²

Árbakki kemur fyrst fyrir í fornbréfi frá því um 1200 þar sem lýst er svonefndum Spákonuarfi, sem var rekaítak sem skiptist milli allmargra bæja við Skagaströnd.³ Jörðin kemur fyrir þar sem minnst er á Spákonuarf í máldögum Höskuldsstaða kirkju frá 1318, 1344, og bæði Höskuldsstaða og Holtastaðakirkju árið 1360 og 1461.⁴ Þá kemur jörðin fyrir í kaupbréfi frá 1474 þegar ábótinn á Þingeyrum selur hlut í Hofi í Vatnsdal í skiptum fyrir hlut í Spákonufelli og Árbakka.⁵

Í jarðabók frá 1686 er Árbakki sagður í konungseign, metin á 20 hundruð, landskuld var eitt hundrað og kúgildin fjögur.⁶

Í jarðabók frá 1696 er jörðin undir Þingeyrarklaustri, mat jarðarinnar og landskuld óbreytt frá 1686 en kúgildin orðin fimm.⁷

¹ *Húnaþing II*, bls. 119.

² *Húnaþing II*, bls. 113.

³ *Ísl. Fornbréfasafn I*, bls. 304-306.

⁴ *Ísl. Fornbréfasafn II*, bls. 470-471; *Ísl. Fornbréfasafn IV*, bls. 11; *Ísl. Fornbréfasafn III*, bls. 170-171; *Ísl. Fornbréfasafn V*, bls. 345, 350.

⁵ *Ísl. Fornbréfasafn V*, bls. 769-770.

⁶ Björn Lárusson (1967), bls. 241.

⁷ Björn Lárusson (1967), bls. 241.

Í jarðabók frá 1708 er nafn jarðarinnar ritað Aarbacke og hún metin á 20 hundruð og átti að tíundast presti og fátækum. Eigandi jarðarinnar var sagður „kongl. Majestat“ en hún liggja undir Þingeyrarklaustur. Landskuld eitt hundruð og stundum greidd í fiski en oftast í peningum til klaustursins. Leigukúgildi voru fimm og skildu borgast í smjöri eða peningum til klausturs eða í kaupstað. Engar kvaðir voru á jörðinni. Í áhöfn jarðarinnar árið 1708 voru fjórar kýr, 53 ær, 13 sauðir tveggjavetra og eldri og 35 veturgamlir, 27 lömb, tveir hestar og einn þriggjavetra foli. Samkvæmt mati átti jörðin að geta fóðrað þrjár kýr, 40 ær, 10 lömb og tvo hesta. Jörðin átti ekki upprekstur á afrétt.⁸

Torfrista og stunga var sögð bjargleg árið 1708, lyngrif notað með taði til eldiviðar. Berjatínsla var sagður nægur fyrir heimamenn en rekavon lítil. Lækur bar grjót, leir og sand á túnið til stórkaða, auk þess sem túninu var hætt af sandfoki og skriðum úr brattlendi í leysingum um vor og vetur. Engjar voru ekki á jörðinni en eitthvað slegið í mýrum sem annars voru notaðar til hagagöngu. Þá var skepnum sem gengu í fjörunni sagt hætt við að hrekjast í sjó í óveðrum. Heimræði var stundað frá Árbakka um vor, sumar og haust.⁹

Í jarðatali frá 1847 er Árbakki sagður eign Þingeyrarklausturs, metinn á 20 hndr., landskuld eitt hundruð, kúgildi fimm og einn leigjandi. Neðanmáls segir að hreppstjóri telji kúgildið eiga að vera eitt.¹⁰

Í jarðabók frá 1861 er Árbakki sagður 20 hndr. að fornu mati en 19 að nýju.¹¹

Í sóknarlýsingu frá 1873 segir: „Norður og niður undan Skógaröxl, á ströndinni miðri, stendur jörðin Árbakki, 20 hndr. að dýrleika, sem á haglendi til Axlarinnar einnig flóaland til sjávar og víðs vegar reytingsheyskap norður undan Vindhælislandi hið neðra.“¹²

Í lýsingu á ábúð og ástandi Þingeyraklausturs umboðsjarða sumarið 1881 kemur fram að ábúandinn Jakob Jósefsson hafi hlaðið 50 faðma af „þrephlöðnum“ torfgarði meðfram stærsta hluta túnsins og sléttað 500 ferfaðma. Auk þess hafði hann skorið skurði í óræktarmýrar fyrir neðan túnið og leitt frá þeim vatni og hlaðið fyrirstöðugarða til að geta hleypt leysingavatni á mýrarnar á vorin í tilraun til að gera þar engi. Þá voru bæjarhús nýlega uppbyggð og í góðu standi árið 1881.¹³

Árbakkabúð

Út við sjó sunnan Hrafnár var býlið Árbakkabúð og var búið þar með hléum a.m.k. svo snemma sem 1845 og fram á miða 20. öld. Í grein Hjördísar Gísladóttur „Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi“ segir um Árbakkabúð: „[...] nytjaryrt býli og mun bústofninn sjaldan hafa orðið meiri en ein kýr og fáeinar kindur. Lífsafkoman var byggð á sjóróðrum, og þá oftast á bátum, sem gerðir voru út frá Skagstrandarhöfn.“¹⁴ Í *Föðurtúni* segir Páll Kolka: „Atvinnuhættir hafa frá fornu fari verið með nokkuð öðru móti á Skagaströnd en annars staðar í héraðinu, því að sjór var þar víða stundaður jafnhliða landbúnaðinum. Róið var frá Naustavöllum og Marvík

⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, bls. 450.

⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, bls. 451.

¹⁰ Jarðatal á Íslandi, bls. 244.

¹¹ Ný jarðabók, bls. 90.

¹² Sýslu- og sóknalýsingar I, bls. 166

¹³ „Lýsing á ábúð og ástandi Þingeyraklausturs umboðsjarða sumarið 1881.“ ÞÍ. Skjalsafn umboðanna. Þingeyrarklaustursumboð. Óprentað handrit á Þjóðskjalsafni Íslands.

¹⁴ Hjördís Gísladóttir (1989), bls. 283.

undir Brekku, úr Finnstaðanesi, frá Höfðakaupstað, Árbakka, Vindhæli, úr Hafstaðavör, Eyjarnesi, og frá Laxárósi, a.m.k. með köflum. Sums staðar voru verbúðir við sjóinn og var oft búð í þeim, t.d. á Skeggjastaðabakka, í Finnsstaðanesi, Árbakkabúð, sem enn er byggð [skrifað 1950], Vindhælisbúð og Hafstaðabúð. Nú er ekki stundaður sjór nema úr kaupstaðnum, nema hvað lítið eitt róð er til matar undan Brekku og úr Eyjarnesi. Hrognkelsaveiði er talsverð víða úti með Ströndinni og góð úti í Nesjunum.“¹⁵

Árbakkasel

Árbakkasel er fram á Hrafnal skammt austur af ármótum Kambár og Hrafnár, á suðurbakka Kambár/Kambadalsár gegnt Fellsseli (Spákonufellsseli) sem er norðan ár. Engar upplýsingar er að finna um notkunarsögu Árbakkasels, hvenær þar var fyrst haft í seli eða hve lengi, né heldur hvort þar hafi einhvern tíma verið heilsársbúseta líkt og var um tíma á Fellsseli.¹⁶

Ábúð


Í manntali frá 1703 eru sex skráðir til heimilis á Árbakka og 11 manns árið 1835. Árin 1840 og 1845 eru enn 11 manns skráðir þar til heimilis þar á meðal húsmadur sem lifar á grasnyt. Árið 1850 eru 14 manns skráðir til heimilis á tvö heimilisnúmer á jörðinni og tveir titlaðir bændur. Árið 1855 eru sjö manns þar til heimilis, þar á meðal ein húskona. En árið 1860 eru aftur tveir bændur skráðir á jörðinni. sjö á öðru heimilinu og sex á hinu, þar af einn húsmadur. Árið 1870 eru 12 manns til heimilis á Árbakka, einn titlaður bóndi en auk þess tveir húsmenn og annar þeirra með fjölskyldu, sagður lifa af fiskveiðum. Árið 1890 eru átta manns skráðir til heimilis á Árbakka og sömuleiðis árið 1901. Sama ár er Árbakkabúð í fyrsta sinn skráð með nafni í manntalinu, þar bjó þá fjögurra manna fjölskylda.¹⁷ Húsmenn og –konur var fólk sem sá sér sjálft farborða með ýmiskonar vinnu utan heimilis eða lifði af grasnyt og/eða fiskveiðum og má vera að eitthvað af þessu fólki hafi búð á Árbakkabúð þótt hún sé ekki nefnd með nafni fyrr en 1901.

¹⁵ Páll Kolka (1950), bls. 58.

¹⁶ Hjördís Gísladóttir (1989), bls. 283.

¹⁷ Manntalsvefur Þjóðskjalsafns Íslands, www.manntal.is. Skoðað þann 9.2.2010.

Fornleifaskrá



Mynd 2, túnakort af Árbakka frá fyrrihluta 20. aldar lagt yfir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Númerin á myndinni eru hlaupandi númer minja í skýrslunni, aðeins koma fyrir þær minjar sem merktar eru inná upprunalega túnakortið, aðrar minjar sem mældar voru upp í heimatúninu koma fram á yfirlitskorti aftast í skýrslunni.

Árbakki - 1

Sérheiti: Árbakki

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Bærinn stóð að hluta til þar sem fjósið er í dag og náði suður á hlaðið. Hluti bæjarins fór undir fjósbygginguna en stærsti hluti hans stóð þó áfram sunnan við og var rifinn þegar fjósið var fullbyggt árið 1975 (sjá ljósmynd fremst í sögukafla).

Lýsing

Sunnan við fjósið er malarborið bílaplan í dag og engar minjar sýnilegar á yfirborði.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Jakobi Guðmundssyni bónda á Árbakka var fyrirkomulag gamla bæjarins með þeim hætti að austast var hlóðældhús úr torfi og grjóti, vestan við það portbyggt hús. Neðri hæðin var tvískipt og var stofa að sunnan gegnt bæjarhlaðinu og eldhús norðan við hana þaðan sem var innangengt inní hlóðældhúsið til austurs og inní búr til norðurs og bæjargöngin til vesturs. Á efri hæðinni var svefnherbergi. Vestan við portbyggða húsið var eldri baðstofa og bæjardyr (forstofa og göng) á milli. Bæjardyrnar náðu heldur lengra fram á hlaðið en bæði stofan og baðstofan og var sameiginlegur inngangur tveggja fjölskyldna sem höfðust við annars vegar á loftinu og hins vegar í baðstofunni. Gengið var inní baðstofuna úr göngunum, gegnt dyrum inní eldhúsið á portbyggða húsinu og var kjallari undir miðri

baðstofunni. Bærinn var allur þiljaður að innan að undanskildum göngunum samkvæmt Jakobi, og líklega hefur hlóðældhúsið ekki heldur verið þiljað. Fram á bæjarhlaðinu sunnan við bæinn stóð lítil móskemma byggð upp við stærri skemmu fyrir reiðtygi og annað í þeim dúr. (Jakob Guðmundsson, munnleg heimild, 15.06.2009). Miðað við túnakortið virðist bæjarsamstæðan hafa tekið yfir um 15x12m svæði.



Mynd 3, málverk frá árinu 1939 af gamla bænum á Árbakka í eigu ábúenda. Lengst til hægri er móskemma, þá skemma fyrir reiðtygi og annað í þeim dúr. Fyrir miðri mynd er stásstofa á neðri hæð og svefnherbergi á efri hæð. Bæjardyr eru á milli stofunnar og baðstofunnar.

Í úttekt frá árinu 1826 er baðstofan sögð 11½x3 1/3 álnir að innanmáli, að hluta þiljuð í vesturhluta en í austurenda var afþiljað hús. Veggir baðstofunnar voru gamlir að utan og innan og farnir að gefa sig og þakið sömuleiðis. Búrið var 6x3¼ álnir að innanmáli, veggir þess stæðilegir þótt einhverjar stoðir hafi vantað, en þakið var orðið lélegt. Eldhúsið var í sömu stærð, veggir þess voru heillegir en höfðu sigið og voru of lágir og þakið sagt blásið. Göngin voru 11 álna löng, veggir þess nokkurn veginn standandi og þakið gróið. Andyrið var um 2½ alin á kant og þil fram á hlaðið, veggir voru stæðilegir en of lágir og þakið gamalt. Fjós var yfir fjórar kýr, veggir fjóssins voru nothæfir en of lágir og þakið hálfallið. Skemma 10x3¼ álna löng, veggir sagðir þéttir en gamlir og of lágir og þakið brunnið (Skjalasafn umboðanna. Þingeyrarklaustursumboð II/84).

Í úttekt frá árinu 1864 er baðstofan sögð fjögur stafgólf, alþiljuð. Dyr var á járnum við stafi og þrír litlir glerluggar á baðstofunni. Veggir sagðir gamlir en ekki óstæðilegir og eins farið um þakið, en húsið þó sagt gamalt og snarað. Í sömu úttekt er búrið sagt 6x4 álnir að innanmáli, veggir gamlir og nokkuð snaraðir en þak brúklegt. Eldhúsið var í sömu stærð, veggir þess

gamlir að hluta úr lagi gengnir en þakið nothæft. Göng voru með krók frá baðstofudyrum 4x 1¼ álnir og anddyri 7x1 2/4 álnir, veggir gamlir og lélegir og þakið eins. Anddyrartið var 6x3,5 álnir að innanmáli, fjalviður var í upprefti, slagþil að framan með aurstokk og vindskeiðum. Hurð var á járnum við stafí, veggir sagðir gamlir en stæðilegir og þakið brúklegt (Héraðsskjalasafn A-Hún.).

Árbakki - 2

Hlutverk: Skemma

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt Jakobi Guðmundssyni stóð gamla skemman á svipuðum stað og steinsteypt 70m² skemma byggð 1973 stendur í dag (munleg heimild, 15.06.2009).

Lýsing

Engar minjar eru sýnilegar á yfirborðinu umhverfis skemmuna.

Aðrar upplýsingar

Miðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar hefur skemman verið um 12m löng (N-S) og um 7,5m breið.

Árbakki - 3

Hlutverk: Heimreið/tröð

Tegund: Gata

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnd heimreið niður túnið beint til VNV frá bæjarhlaðinu og útaf túninu í norðvesturhorni þess skammt sunnan við Hrafná.

Lýsing

Enn sér móta fyrir heimreiðinni í túninu örlítið niðurgrafinni og sést á um 105m kafla vestur frá hlaðinu sunnan við fjósið og með stefnu á brúna á þjóðveginum yfir Hrafná.

Árbakki - 4

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. er sýnt fjós tæpa 60m suður af bænum.

Lýsing

Þegar túnakortið er lagt yfir loftmynd lendir þessi fjósbygging á sama stað og suðurhelmingur fjárhúsanna sem er sunnan við núverandi íbúðarhús. Engar minjar eru sýnilegar á yfirborði umhverfis fjárhúsin.

Aðrar upplýsingar

Miðað við túnakortið hefur þetta hús verið um 8x9,5m að ummáli. Í úttekt frá árinu 1826 segir: „Fjós, einsett yfir fjórar kýr, í mjórri lagi. Veggir eru með þéttanlegu grjóti en of lágir og fúnir ofan til. Að viðum fallið, meir þó af vanrækt en viðarskorti. Tvær hurðir með tilheyrandi járnum eiga að fylgja, af hvörjum önnur er til í brúkanlegu standi, hin í pörtum [...]“ (Skjalasafn umboðanna. Þingeyrarklaustursumboð II/84). Í annarri úttekt frá árinu 1864 segir: „Fjós yfir 3 kýr með 2 stoðum undir einum mænir ás, þver og langrept yfir á veggi, 2 hurðir við dyrastafi fylgja, veggir nýlegir, þak nýtt, rangali til útidyra legst nú fyrir þann væntandi einn bás.“ Ekki víst a um sömu byggingu er að ræða sem lýst er í úttektunum og þeirri sem sýnd er á túnakortinu frá því um 1920, þótt það verði að teljast líklegt. (Úttekt á Árbakka, dags. 20. júní 1864).

Árbakki - 5

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti er sýndur matjurtagarður fast utan túngarðs, um 70m suðaustur af bæ.

Lýsing


Þarna er gróið gildrag milli lítt gróinna mela og hefur matjurtagarðurinn líklega verið á norðurbrún gilsins og hallað til suðurs. Engar leifar þessa garðs sáust þó á vettvangi og er líklegast að hann hafi orðið uppblæstri að bráð, þótt nú sé gróðurinn á þessum slóðum að þéttast.

Aðrar upplýsingar

Jakob Guðmundsson mundi ekki eftir matjurtagarði á þessum stað, hins vegar mundi hann eftir öðrum matjurtagarði sem var neðan við bæ (sjá nr. 20), nú horfinn (munnl. heimild, 15.06.2009).



Mynd 4, hesthús (nr. 6) suðvestur af bæ á Árbakka. Horft til suðurs.



Árbakki - 6

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á túnakorti er sýnt hesthús rúma 120m suðvestur af bæ og er tóft í túninu um 35m sunnan við afleggjarann og 80m suðvestur af núverandi íbúðarhúsi.

Lýsing

Tóftin er um 11x18m að ummáli og hefur snúið NNV-SSA með dyr til norðurs (NNV). Norðausturhluti tóftarinnar virðist hafa verið fjarlægður með vél og er veggurinn algjörlega horfinn á kafla. Veggir eru annars á bilinu 0,2-1m háir, algrónir og þýfðir. Garðinn er steypur fremst en annars grjóthlaðinn, hlaðan sunnanvið hefur verið fyllt af grjóti og mold, hugsanlega hefur hluti húsanna verið rifinn og mokað þar ofaní.

Árbakki - 7

Hlutverk: Hesthús/hrútakofi

Tegund: Þúst

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrrihluta 20. aldar eru sýnd tvenn hesthús í túninu vestur af bænum, sunnan við gömlu heimreiðina. Þar eru enn óljósar leifar og var hesthúsið (nr. 7) það syðra.

Lýsing

Lítið er eftir af þessu húsi annað en um 20sm há þúst sem snýr norðvestur-suðaustur og er um 3,5x2m í ummál. Sunnan og austan við þústina er óljós bakki, um 10sm hár, hugsanlega útbrúnir hússins.

Aðrar upplýsingar

Miðað við túnakortið hefur þetta hús verið næsta ferhyrnt, um 8x7m að ummáli. Þarna var hrútakofi síðast þegaar Jakob Guðmundsson mundi eftir þessum húsm í notkun (munnl. heimild. 15.06.2009). Í úttekt frá 1826 segir að jörðina vanti 3 hesta hús. En eftirfarandi er bætt við: „Var ringur og gamall [...] en tóft sýnist hér í líku formi nýlega upp hlaðin, með lítilli hústóft við.“ (Skjalasafn umboðanna. Þingeyrarklaustursumboð II/84). Í úttekt frá 1864 segir að hesthús yfir fjögur hross eigi að fylgja jörðinni en ábúandi hafi nýverið byggt 7 hesta hús sunnan við það gamla. Nýja hesthúsinu er lýst svo: „álíst að sje nægilega stórt fyrir 7 hross, með 1 mænirás og 1 stoð undir miðjum ás, og 3 stoðar stittum að norðanverðu, sæmilega viðaða, veggir nýlegir, og þak eins [...]“. (Héraðsskjalasafn A-Hún.).

Árbakki - 8

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrrihluta 20. aldar eru sýnd tvenn hesthús í túninu vestur af bænum, sunnan við gömlu heimreiðina. Þar eru enn óljósar leifar húsanna og var hesthúsið (nr. 8) norðan við hitt (nr. 7).

Lýsing

Tóftin er öll mjög óljós, tvær samsíða lægðir liggja norður-suður, um 10sm djúpar og 6x1,4m að ummáli og greina má óljósar útbrúnir veggja umhverfis þær mest um 5sm háar og eru veggirnir um 120sm breiðir.

Aðrar upplýsingar

Miðað við túnakortið hefur þetta hús verið um 12x4m að ummáli. Í úttekt frá 1826 segir að jörðina vanti 3 hesta hús. En eftirfarandi er bætt við: „Var ringur og gamall [...] en tóft sýnist hér í líku formi nýlega upp hlaðin, með lítilli hústóft við.“ (Skjalasafn umboðanna. Þingeyrarklaustursumboð II/84). Í úttekt frá 1864 segir að hesthús yfir fjögur hross eigi að fylgja jörðinni en ábúandi hafi nýverið byggt 7 hesta hús sunnan við það gamla (Úttekt á Árbakka, dags. 20. júní 1864).


Árbakki - 9

Hlutverk: Gryfja (samkvæmt túnakorti)

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrrihluta 20. aldar eru sýnd tvenn hesthús í túninu vestur af bænum, sunnan við gömlu heimreiðina og hringlaga „gryfja“ við norðvesturhorn norðari húsanna.



Lýsing

Gryfjan sést enn glögglega þótt fyllt hafi verið í hana, hún er næsta hringlaga um 3,5m í þvermál og 30sm djúp með skarpar brúnir.

Aðrar upplýsingar

Ekki er tekið fram á túnakortinu um hverslags gryfju er að ræða en líklega hefur þetta verið votheysgryfja.



Mynd 5, túngarðurinn (nr. 10) þar sem hann liggur upp brekkuna suðaustan við túnið á Árbakka. Horft ANA.

Árbakki - 10

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrrihluta 20. aldar er sýndur torfgarður með vír, meðfram suður og vestur jaðri túnsins.

Lýsing

Túngarðurinn fannst ekki að vestan né sunnan, en ofan við túnið að suðaustan er garðlag sem girt hefur verið á og hefur að öllum líkindum verið framhald af garðinum sunnan við túnið. Garðurinn sést þarna á tæplega 50m kafla og liggur austur-vestur, um 170sm breiður og á bilinu 0,6-1m hár. Garðurinn er algróinn og virðist eingöngu hlaðinn úr torfi.

Aðrar upplýsingar

Í lýsingu á ábúð og ástandi Þingeyraklausturs umboðsjarða sumarið 1881 kemur fram að ábúandinn Jakob Jósefsson hafi hlaðið 50 faðma af „þrephlöðnum“ torfgarði meðfram stærsta hluta túnsins og sléttað 500 ferfaðma (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð).

Árbakki - 11

Hlutverk: Fjárhús


Tegund: Tóft

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrrihluta 20. aldar eru sýnd fjárhús um 140m norðaustur af bæ. Þar er breiður hvammur við ána og fjöldi minja, yngst og mest áberandi eru umrædd fjárhús (nr. 11).

Lýsing

Tóftin er alls um 25x23m að ummáli og snýr suðvestur-norðaustur með dyr til suðvesturs og hlöðu eða stóra heytóft bakvið. Veggir eru á bilinu 30-80sm háir og grasi grónir, 1,2-3,5m breiðir. Um er að ræða þristæð garðahús. Syðsta húsið hefur líklega verið lengst í notkun, þar sést enn hrúnið bárujárnsþak og árefti.



Árbakki - 12

Hlutverk: Óþekkt/Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Sunnan við fjárhústóft (nr. 11) er önnur óljósari tóft, hugsanlega leifar fjárhúss með heytóft.

Lýsing

Veggir eru grónir grasi og mosa, um 30-40sm háir og um 1m breiðir. Erfitt er að segja til um staðsetningar dyra og garðar eru afar óljósir.

Aðrar upplýsingar

Í úttekki á Árbakka frá árinu 1826 er lýst fjárhúsi á jörðinni, 34 kinda hús með garða umbúningi, hurð og heytóft. Veggir voru mestpart ónýtir og húsið að hrúni komið (Skjalasafn umboðanna. Þingeyrarklaustursumboð II/84). Hugsanlega eru þetta tóftir umrædds fjárhúss.

Árbakki - 13

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft (veggbrot)

Staðhættir

Um 1m suðvestan við suðvesturhorn tóftar nr. 12 er óljóst garðlag eða veggbrot.

Lýsing

Veggbrotið gengur til suðvesturs og svo í boga til norðvesturs. Það er afar óljóst mest um 10sm hátt og um 1m breitt, gróið grasi og mosa. Hugsanlega hafa dyr verið út til suðvesturs fyrir miðju.

Árbakki - 14

Hlutverk: Óþekkt/rétt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Við austurbrún hvammsins norðaustur af bæ á Árbakka er tóft byggð upp við brekkuna um 16m austur af fjárhústóft (nr. 11), hugsanlega leifar réttar eða gripheldis af einhverju tagi.

Lýsing

Kantur sem gerður hefur verið inni brekkuna myndar austurvegg tóftarinnar, hinar hliðarnar eru torfhlaðnar um 4,5m kafla vantar þó í miðjan vesturvegginn og má vera að þar hafi verið dyr eða hlið. Veggir eru á bilinu 0-30sm háir og um 1-1,5m breiðir, grasi grónir. Innanmál tóftarinnar er 11,5x7,5m.



Mynd 6, horft til austurs yfir minjar í svonefndum Hvammi norðaustur af bæ á Árbakka, Hrafnadalur í baksýn.

Árbakki - 15

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Rúma 20m suðaustur af fjárhústóftinni (nr. 11) í hvamminum norðaustan við bæ á Árbakka er lítil tóft.

Lýsing

Tóftin er um 9x7m að ummáli, hugsanlega tvískipt, stærra hólfið að norðan með dyr til norðvesturs og minna samsíða því að sunnan, hér kann þó að vera um hrun að ræða. Veggir eru um 30sm háir og um 1-1,2m breiðir, algrónir grasi en greinilega eldri en fjárhústóftin nr. 11.

Árbakki - 16

Hlutverk: Óþekkt/brunnhús

Tegund: Tóft (veggbrot)

Staðhættir

Um 9m suðvestur af fjárhústóftinni (nr. 11) í hvamminum norðaustan við bæ á Árbakka eru óljós veggjabrot.

Lýsing

Um er að ræða 7m langt og 2m breitt, grasi gróið vegg- eða garðbrot sem er um 20-30sm hátt. Vestan við það er að því er virðist brunnur.



Mynd 7, horft til austurs yfir brunn og hugsanlegar leifar brunnhúss í hvamminum norðaustan við bæ á Árbakka.

Árbakki - 17

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Brunnur

Staðhættir

Suðvestarlega í hvamminum við Hrafná norðaustur af bæ á Árbakka, er brunnur, nánar til tekið um 13m suðvestur af fjárhústóftinni (nr. 11).

Lýsing

Brunnurinn er fullur af vatni, um 2,5m í þvermál, garðlag eða veggbrót (nr. 16) er fast austan við hann og kann að hafa náð alveg umhverfis brunnninn, jafnvel verið lítill kofi eða brunnhús.

Árbakki - 18

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur/skurður

Staðhættir

Í hvamminum norðaustur af bæ á Árbakka er nokkur fjöldi minja sunnan við flestar þeirra og vestan við þær allar er greinileg handgráfin rás.

Lýsing

Rásin eða skurðurinn er um 30sm djúpur og víðast hvar um um 30sm breiður. Augljóslega mannaverk og að öllum líkindum handgrafið.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega fráveita af einhverju tagi til að taka við vatni sem safnast í hvamminn í leysingum.



Mynd 8, hugsanlegt garðlag (nr. 19) austan við fjósið á Árbakka. Horft til norðurs, Spákonufellskirkjugarður í baksýn.

Árbakki - 19

Hlutverk: Óþekkt/túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Austan við núverandi fjós er óljóst hugsanlegt garðlag upp á melbrún sem liggur nálega norður-suður.

Lýsing

Hið meinta garðlag er afar óljóst, um 1m breitt og 20-30sm hátt þar sem það er gleggst, hærra til vesturs en hverfur nánast inni brekkuna til austurs. Ekki er útilokað að um nátturulegan kant sé að ræða sem myndast hefur vegna átroðnings hesta og annars búfjár.

Árbakki - 20

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt Jakobi Guðmundssyni var matjurtagarður neðan við gamla bæinn, nú horfinn undir tún (munnl. heimild, 15.06.2009).

Lýsing

Nú er að mestu slétt tún neðan (vestan) við gamla bæjarstæðið og minjar matjurtagarðsins ekki sýnilegar á yfirborði.

Aðrar upplýsingar

Hnitpunktur var tekinn samkvæmt tilsögn Jakobs Guðmundssonar.

Árbakki - 21

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dæld

Staðhættir

Rúma 30m SSA af fjárhúsunum á Árbakka er aflöng dæld í túninu.

Lýsing

Dældin er aflöng frá austri til vesturs, um 9,5x4m að ummáli og um 10sm djúp. Hugsanlega eru hér minjar undir yfirborði.

Árbakki - 22

Hlutverk: Óþekkt/túngarður

Tegund: Hryggur

Staðhættir

Beggja vegna núverandi heimreiðar um 125m suðvestan við íbúðarhúsið á Árbakka er hryggur í túninu.

Lýsing

Sunnan heimreiðarinnar er hryggurinn um 2m breiður og um 40sm hár, með stefnu í norðvestur-suðaustur með aflíðandi sveigju til vesturs. Norðan við veginn er nær að tala um kant, um 60sm háan til vesturs en jafnast úti túnið til austurs, með sömu stefnu og sveigju.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er hér um að ræða gamlan túngarð eða útbrún túns.

Árbakki - 23

Sérheiti: Torfhvammur

Hlutverk: Torfrista /-stunga

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Árbakka segir: „Austur með ánni [Hrafná] skammt frá Gamlastekk er Móhvammur. Takmarkast hann að austan af læk, er rennur í ána, hefir hann upptök sín lengra suður í Flóanum og heitir Kelda. Austan við þennan læk er Torfhvammur.“ (ÖGG: 1).

Lýsing

Búið er að grafa skurði og þurrka flóann vestan Árbakka upp að mestu. Engar menjar um torftöku fundust í Torfhvammi.

Aðrar upplýsingar

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1708 var torfrista og stunga sögð bjargleg (JÁM VIII: 451).

Árbakki - 24

Sérheiti: Móhvammur

Hlutverk: Mógrafir


Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Í örnefnaskrá Árbakka segir: „Austur með ánni [Hrafná] skammt frá Gamlastekk er Móhvammur. Takmarkast hann að austan af læk, er rennur í ána, hefir hann upptök sín lengra suður í Flóanum og heitir Kelda. Austan við þennan læk er Torfhvammur.“ (ÖGG: 1).

Lýsing

Í Móhvammi milli tveggja vélgrafinna skurða og sitthvorum megin gamals lækjarfarvegar eru mógrafir, víðast hvar á bilinu 0,5-1m djúpar og ná samanlagt yfir a.m.k. 760m².



Árþakki - 25

Sérheiti: Móhvammur

Hlutverk: Mótóft/-kofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í Móhvammi, um 7m ofan (SA) við vestara mógrafarsvæðið er lítil mótóft eða mókofi.

Lýsing

Tóftin er 6x4,5m að utanmáli og um 3x2m að innanmáli. Dyr gætu hafa verið vestast á suðvesturvegg. Veggir eru á bilinu 20-40sm háir, grasi grónir og gróskumeiri en umhverfið.

Árþakki - 26

Sérheiti: Gamlistekkur

Hlutverk: Óþekkt/stekkur

Tegund: Tóftahóll

Staðhættir


Í örnefnaskrá Árþakka segir: „Norður af Stórholti er Litlaholt. Litlu norðar nálægt ánni er Gamlistekkur.“ (ÖGG: 1). Um 460m upp (austur) frá ósi Hrafnár er tóftahóll á suðurbakka árinna og yngri stekkjartóft ofan á honum.

Lýsing

Hóllinn er töluvert umfangsmeiri en stekkjartóftin, mest um 24x15m á kant og á bilinu 1-1,7m hár, hæstur að austanverðu en lækkar til vesturs. Hóllinn kann að einhverju leiti að vera náttúrulegur en dældir í austurhluta hans gefa vísbendingu um að eldri byggingar kunni að vera þar í jörðu og hugsanlega einnig undir sjálfri stekkjartóftinni.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega hefur verið byggður upp stekkur á þessum stað oftar en einu sinni, en ekki er heldur hægt að útiloka byggingar af öðru tagi. Í úttekt frá 1826 segir að þá hafi kvíar verið brúkandi en stekkur lasinn (Skjalasafn umboðanna. Þingeyrarklaustursumboð II/84).



Árbakki – 27

Sérheiti: Gamlistekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá Árbakka segir: „Norður af Stórholti er Litlaholt. Litlu norðar nálægt ánni er Gamlistekkur.“ (ÖGG: 1). Um 460m upp (austur) frá ósi Hrafnár er tóftahóll á suðurbakka árinna og yngri stekkjartóft ofan á honum.

Lýsing

Tóftin er með hefðbundnu stekkjargagi, tvískipt tóft, lítil lambakró og stærri rétt með aðrekstrargarði. Lambakróin er 2,1x1,9m að innanmáli með hlið út til suðurs og til norðurs inni réttina. Réttin er 3x5m að innanmáli með hlið nyrst á vesturvegg upp við 4m langan aðrekstrargarð. Veggir eru 40-50sm háir og um 1-1,5m breiðir, grasi grónir en þó sér í grjóti á stöku stað.

Aðrar upplýsingar

Í úttekki frá 1826 segir að þá hafi kvíar verið brúkandi en stekkur lasinn (Skjalasafn umboðanna. Þingeyrarklaustursumboð II/84).



Mynd 9, horft til SSA eftir Sleðabraut í Flóanum vestur af Árbakka.

Árbakki – 28

Sérheiti: Sleðabraut

Hlutverk: Leið

Tegund: Rutt svæði/vegur

Staðhættir

Í örnefnaskrá Árbakka segir: „Inn Flóann frá ánni [Hrafná] og í gegnum Árbakkaland lá vetrarvegur, nefndur Sleðabraut.“ (ÖSS: 1). Um 370m upp (austur) frá ósi Hrafnár og um 100m SSV af Gamlastekk (nr. 27) sér móta fyrir ruddri braut í Flóanum.

Lýsing

Sléttað hefur verið úr þúfum og við það myndast örlítið niðurgrafinn vegur um 150sm breiður. Vegurinn sést enn á um 250m kafla sunnan Hrafnár með stefnu í norðvestur-suðaustur.

Árbakkabúð



Mynd 10, horft til vesturs yfir bæjarhól Árbakkabúðar, út við sjó sunnan Hrafnár.

Árbakki – 29

Sérheiti: Árbakkabúð

Hlutverk: Híbýli/býli/sjóbúð

Tegund: Bæjarhóll/tóftahóll

Hættumat:

Bæjarhóllinn og tóftir á honum eru að hluta horfnar í sjó fram og brýtur af þeim árlega. Samkvæmt Jakobi Guðmundssyni á Árbakka hefur brotið á bilinu 8-10m af strandlengjunni við Árbakkabúð frá því um 1970 (munnl. heimild 15.06.2009).

Staðhættir

Í örnefnaskrá Árbakka segir: „Á syðri bakka árinna [Hrafnár], þar sem hún fellur til sjávar, var byggt býli, en er nú komið í eyði. Heitir það Árbakkabúð.“ (ÖGG: 1). Bæjarhóll Árbakka-búðar er út við sjó um 230m suður af ósi Hrafnár.

Lýsing

Hóllinn er fremur lágur, á bilinu 0,5-1m hár, nema gegnt fjörunni að vestan þar er 1,5-2m hár bakki, sem brýtur af. Það sem eftir er hólins nær yfir svæði sem er um 22m á kant, en óvíst er hve mikið hefur brotið af hólnum vestanverðum.

Aðrar upplýsingar

Árbakkabúð kemur fyrst fyrir í manntali frá 1901 en þar kann þó að hafa verið búið fyrir þann tíma.



Mynd 11, horft til austurs í bakkann í vesturhluta bæjarhóls Árbakkabúðar.

Árbakki – 30

Sérheiti: Árbakkabúð

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Bæjarhóllinn og tóftir á honum eru að hluta horfnar í sjó fram og brýtur af þeim árlega. Samkvæmt Jakobi Guðmundssyni á Árbakka hefur brotið á bilinu 8-10m af strandlengjunni við Árbakkabúð frá því um 1970 (munnl. heimild 15.06.2009).

Staðhættir

Í örnefnaskrá Árbakka segir: „Á syðri bakka árinna [Hrafnár], þar sem hún fellur til sjávar, var byggt býli, en er nú komið í eyði. Heitir það Árbakkabúð.“ (ÖGG: 1). Bæjarhóll Árbakka-búðar er út við sjó um 230m suður af ósi Hrafnár, vestast á hólum eru tóftaleifar.

Lýsing

Lítið er eftir af tóftinni, aðeins tvö veggbrott, sem saman virðast mynda austurhluta tóftar, um 7x3,5m (N-S) en óvíst er hve langt tóftin hefur upphaflega náð til vesturs þar sem sjórinn brýtur af henni. Veggirnir eru fremur óljósir á yfirborðinu, um 10sm háir og algrónir grasi. Hugsanlega hafa dyr verið nyrst á austurveggnum. Í sniði í bakkanum að vestanverðu sjást torfveggirnir glögglega og fleiri byggingaleifar úr varanlegra efni, steypu og múrsteinum er að finna á dreif í fjörunni neðan við hólinn.

Árbakki – 31

Sérheiti: Árbakkabúð

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Bæjarhóll Árbakkabúðar (nr. 29) er út við sjó um 230m suður af ósi Hrafnár, en skammt austan hans er niðurgröftur (nr. 31)

Lýsing

Niðurgröfturinn er næsta hringlaga um 180sm í þvermál og 30-60sm djúpur með fremur skarpar en óreglulegar brúnir. Uppmöksturinn virðist vera upp við holuna að norðan, hvort tveggja algróið grasi.



Mynd 12, niðurgröftur (nr. 31) austan við bæjarhól Árbakkabúðar. Horft til norðvesturs.

Árbakki – 32

Sérheiti: Árbakkabúð

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Þúst

Staðhættir

Tæpa 50m suðaustur af bæjarhóli Árbakkabúðar eru óljósar tóftaleifar eða þúst.

Lýsing

Þústin er um 10x8m í þvermál og 30-40sm há og heldur grænni en umhverfið. Engin veggjalög eru greinanleg en um 10sm dæld eða hola er í þústina að norðaustan.



Árbakki – 33

Sérheiti: Árbakkabúð

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæpa 70m suðaustur af bæjarhóli Árbakkabúðar er lítil tóft á svolítilli upphækkun.

Lýsing

Tóftin stendur um 50sm hærra en umhverfið, en veggir að innan eru aðeins um 10-20sm háir og á bilinu 80-170sm breiðir. Að norðaustan er lítið hólfi 2x2m að innanmáli, veggirnir ná þó lengra til vesturs og má vera að hún hafi verið tvískipt, en suðvestur hluti hennar er ógreinilegur.



Mynd 13, tóft (nr. 33) suðaustur af Árbakkabúð. Horft til suðvesturs.

Árbakki – 34

Sérheiti: Árbakkabúð

Hlutverk: Óþekkt/naust

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 120m suðaustur af bæjarhóli Árbakkabúðar er óljós tóft.

Lýsing

Tóftin er um 10x7m að utanmáli, með mjög aflíðandi brúnir og útflatta vegg. Veggirnir eru algrónir mest um 40sm háir, 1-2m breiðir.



Mynd 14, tóft (nr. 34) suðaustur af Árbakkabúð. Horft til suðvesturs.

Árbakki – 35

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Um 430m suður af Árbakkabúð er garðlag við fjörubrunina.

Lýsing


Garðlagið er 10-30sm hátt og um 60sm breitt, algróið grasi og sést á um 30m kafla þar sem það liggur norðvestur-suðaustur frá fjörubakkanum.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er þetta hleðsla undan girðingu.



Mynd 15, horft til norvesturs eftir garðlagi (nr. 35) við ströndina suður af Árbakkabúð.



Árbakki – 36

Hlutverk: Óþekkt/uppsátur/naust

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá Árbakka segir: „Þaðan [frá Stórholti] í vestur átt er nes eitt, er gengur í sjó fram, Skeljanes.“ (ÖBB: 1). Skeljanes er suðvestast í landi Árbakka og á því eru tvær tóftir. Ein (nr. 36) vestast á nesinu og önnur (nr. 37) sunnanundir barði við lítið holt um 70m austar og heldur sunnar.

Lýsing

Tóftin er óljós um 5x6m á kant og opin til vesturs (VSV), veggir um 5-10sm háir, 2-3m breiðir og falla vel inni umhverfið gróðurfarslega.

Árbakki – 37

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í örnefnaskrá Árbakka segir: „Þaðan [frá Stórholti] í vestur átt er nes eitt, er gengur í sjó fram, Skeljanes“ (ÖBB: 1). Skeljanes er suðvestast í landi Árbakka og á því eru tvær tóftir. Ein (nr. 36) vestast á nesinu og önnur (nr. 37) sunnanundir barði við lítið holt um 70m austar og heldur sunnar.

Lýsing

Tóftin er um 5x5m á kant og snýr norðaustur-suðvesturs með dyr til suðvesturs. Veggir eru grasi gróinir og þýfðir um 20-40sm háir og heldur grænni og grósku meiri en umhverfið. Hleðslugrjót sést í veggjum á nokkrum stöðum.



Árbakki – 38

Hlutverk: Óþekkt/smalabyrgi

Tegund: Hleðsla/tóft

Staðhættir

Upp með Hrafná um 2,3 km norðaustur af bæ á Árbakka er afgangur hár melhóll við ána og norðaustast á honum hleðsla, hugsanlega leifar smalabyrgis.

Lýsing

Hleðslan er um 2x2m að grunnfleti, mest um 40sm há. Svo virðist sem þarna hafi upphaflega staðið einhversskonar byrgi en síðar hefur verið hlaðin lítil varða inni byrginu og notað til þess grjót úr veggjunum. Dyr gætu hafa verið til suðurs eða norðurs.



Mynd 16, horft til suðvesturs yfir hleðslu (nr. 38) á Hrafnadal í landi Árbakka.

Árbakkasel



Mynd 17, horft til norðvesturs yfir minjar Árbakkasels á Hrafnadal, fyrir mynni Kambadalssunnar Kambár.

Árbakki – 39

Sérheiti: Árbakkasel

Hlutverk: Sel (og sambyggðar kvíar)


Tegund: Tóft/-ir

Staðhættir

Í örnefnaskár Árbakka segir: „Sunnan við Tungufellið liggur Kambadalur í aust-suðaustur. Eftir honum fellur samnefnd á, og rennur hún í Hrafná stutt austan við Selhólaskriðu. Stutt frá áramótunum suðvestan við Kambadalssá er Árbakkasel. Gegnt því hinumegin árinna er Spákonufellssel. Má enn sjá þess glögg merki, að þar hafi mannshöndin verið að verki.“ (ÖGG: 2).

Lýsing

Aðaltóftin er fimm- eða sexskipt, um 16x10m að utanmáli. Suðaustast eru hugsanlega kvíar sambyggðar við sjálfar seltóftirnar. Norðan við eru þrjú eða fjögur sambyggð hús í röð frá austri til vesturs. Tóftirnar standa nokkuð hærra en umhverfið og eru grænni og gróskumeiri, sjálfar tóftirnar eru þýfðar og á köflum ógreinilegar. Veggir eru á bilinu 30-60sm háir og 1,1-2m breiðir.



Árbakki – 40**Sérheiti:** Árbakkasel**Hlutverk:** Óþekkt/smálabyrgi**Tegund:** Hleðsla**Staðhættir**

Tæpum 5m norður af aðaltóftinni á Árbakkaseli er lítil glögg tóft sem stendur nokkuð lægra.

Lýsing

Tóftin er um 4,5x4,5m að utanmáli, með dyr til suðvesturs. Veggir eru grasi grónir um 30-40sm háir og 1-1,5m breiðir.

Árbakki – 41**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Varða**Staðhættir**

Á melunum ofan við Árbakka um 200m suðvestur af stíflunni á Hrafná er varða.

Lýsing

Varðan er keilulaga um 1m há og grunnurinn 150sm í þvermál.

Aðrar Upplýsingar

Mynd er af vörðunni á forsiðu skýrslunnar.

Horfnar minjar og óskráðar**Árbakki – 42** (sama og Vindhæli – 61)**Hlutverk:** Landamerki**Tegund:** Heimild/varða**Staðhættir**

Í landamerkjabréfi Árbakka frá árinu 1884 segir: „Að norðanverðu ræður frá sjó Hrafnaldalsá upp í millum Árbakka og Spákonufells, fram til þess Kambadalsá kemur í hana; svo ræður Kambadalsá upp Kambadalinn, fram að þeim læk, er rennur norður úr Smiðjugili, og sem hann ræður til fjalls upp, og ofan há-fjallið, sem vötn að draga til norðurs; þaðan vestur í hnjúkinn fyrir ofan Smjörskál; svo í háa melhrygginn fyrir neðan Litluskál; þaðan í ysta hnjúkinn fyrir vestan neðri Hrossadalslækinn, og nefnist hann Stríta; þaðan yfir norðari enda Kolalágar, svo sunnanvert við Strítuhól og norðan við Húshóla, í vörðu, sem þar er; þaðan sjónhending, sem merkivörður ráða, ofan í Presthól, svo til sjáfar, norðanvert við Selatanga.“

Lýsing

Vörðunnar var ekki leitað á vettvangi sumarið 2009.

Árbakki – 43 (sama og Vindhæli – 60)**Hlutverk:** Landamerki**Tegund:** Heimild/vörður**Staðhættir**

Í landamerkjabréfi Árbakka frá árinu 1884 segir: „[...] norðan við Húshóla, í vörðu, sem þar er; þaðan sjónhending, sem merkivörður ráða, ofan í Presthól, svo til sjáfar, norðanvert við Selatanga.“

Lýsing

Ekki var leitað að þessum vörðum á vettvangi sumarið 2009.

Árbakki – 44

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild

Staðhættir

Ókunnir

Lýsing

Engar öruggar menjar kvía fundust á vettvangi sumarið 2009.

Aðrar upplýsingar

Í úttekt frá árinu 1826 segir að þá hafi kvíar verið í brúkanlegu ástandi á jörðinni (Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð II/84).

Árbakki – 45

Hlutverk: Skurður

Tegund: Heimild

Lýsing

Þessir skurðir fundust ekki á vettvangi sumarið 2009.

Aðrar upplýsingar

Í lýsingu á ábúð og ástandi Þingeyraklausturs umboðsjarða sumarið 1881 kemur fram að ábúandinn Jakob Jósefsson hafi skorið skurði í óræktarmýrar fyrir neðan túnið og leitt frá þeim vatni og hlaðið fyrirstöðugarða til að geta hleypt leysingavatni á mýrarnar á vorin í tilraun til að gera þar engi („Lýsing á ábúð og ástandi Þingeyraklausturs umboðsjarða sumarið 1881.“ ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð).

Árbakki – 46

Hlutverk: Áveitugarður

Tegund: Heimild

Lýsing

Þessi fyrirhleðslugarður fannst ekki á vettvangi sumarið 2009.

Aðrar upplýsingar

Í lýsingu á ábúð og ástandi Þingeyraklausturs umboðsjarða sumarið 1881 kemur fram að ábúandinn Jakob Jósefsson hafi skorið skurði í óræktarmýrar fyrir neðan túnið og leitt frá þeim vatni og hlaðið fyrirstöðugarða til að geta hleypt leysingavatni á mýrarnar á vorin í tilraun til að gera þar engi („Lýsing á ábúð og ástandi Þingeyraklausturs umboðsjarða sumarið 1881.“ ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð).

Saga Vindhælis



Mynd 18, Vindhæli í samnefndum hreppi horft til norðvesturs af þjóðvegi 1. (Mynd birt með leyfi Héraðsskjalsafns Austur-Húnavatnssýslu).

Í *Húnaþingi* segir: „Suðvestan undir Skógaröxl norðan Hallár er bærinn Vindhæli. Hallárdalur er í austurátt. Landkostir hafa löngum þótt góðir, enda hefir oft verið þar margbýli á liðnum árum. Þingstaður hins forna Vindhælishrepps var á Vindhæli.“¹⁸

Í *Húnaþingi* segir enn fremur að jörðin eigi veiðirétt í Hallá og hrognkelsaveiði.¹⁹

Í *Föðurtúni* segir Páll Kolka: „Niður undan Vindhæli við sjó fram er klettótt hæð, og heitir hún Vindhælisstapi, en sunnan við túnið er Hallá, sem kemur ofan úr Hallárdal. [...] Vestur af Illviðrishnjúk, upp af Vindhæli, er Skógaröxl, og sýnir nafnið, að þar hefur áður verið öðruvísi háttað gróðri en nú, enda er land nokkuð blásið sums staðar á Skagaströnd innanverðri, en berjaland gott er í fjallshlíðunum og grösugir flóar, er nær dregur sjó.“²⁰

Í Sigurðarregistri frá 1318 kemur fram að ábúendum Vindhælis bar að greiða tíund til Spákonufellskirkj.²¹ Í visitasíubréfi frá 1461 segir að á Vindhæli sé hálfkirkja uppistandandi.²² Þá eru til dómsbréf frá fyrri hluta 16. aldar rituð á þingstaðnum Vindhæli.²³ Í próventubréfi frá árinu 1526 kemur fram að Einar Jónsson og Guðrún Jónsdóttir gefa Vindhæli ásamt peningum og fleiri jörðum undir Hólastól og gerast próventufólk á Hólum.²⁴

¹⁸ *Húnaþing II*, bls. 120.

¹⁹ *Húnaþing II*, bls. 120.

²⁰ Páll Kolka (1950), bls. 45.

²¹ *Ísl. Fornbréfasafn II*, bls. 470.

²² *Ísl. Fornbréfasafn V*, bls. 354.

²³ *Ísl. Fornbréfasafn VII*, bls. 602, 659-661.

²⁴ *Ísl. Fornbréfasafn IX*, bls. 386-387.

Í jarðabók frá árinu 1686 er jörðin sögð í einkaeign metin á 30 hundruð, landskuld var þá eitt og hálft hundruð og leigukúgildin sex.²⁵

Árið 1696 var jörðin metin á 40 hundruð og landskuld var þá 1 hundruð og 90 álnir en kúgildin áfram sex.²⁶

Í jarðabók frá árinu 1708 segir að bænhús hafi áður verið á Vindhæli og að tóftin standi enn og sé kölluð bænhústóft, en tíðir hafi ekki verið veittar í manna minni.²⁷

Árið 1708 var jörðin í einkaeign metin á 40 hundruð og skyldi tíundast fjórum tíundum. Landskuld var eitt hundruð en hafði áður verið eitt hundruð og 40 álnir og um tvö eða þrjú ár eitt hundruð og 90 álnir. Landskuld var oftast greidd í peningum til umboðsmanns innan héraðs. Leigukúgildi voru þrjú og hálft en fyrir tíu eða tólf árum voru þau sex. Leigur voru greiddar í smjöri eða peningum eftir samkomulagi. Engar kvaðir voru á jörðinni.²⁸

Í áhöfn árið 1708 voru fjórar kýr, ein tveggjavetra kvíga, eitt tveggjavetra naut, 51 ær, 10 sauðir tveggjavetra og eldri, 33 veturgamlir, 34 lömb, fimm hestar, eitt hross, einn veturgamall foli og ein unghryssa. Samkvæmt mati gat jörðin fóðrað tvær kýr, eitt ungneyti, 50 ær, 20 lömb og tvo hesta öðrum búfenaði yrði að framfæra á tilfengnum högum um vetur. Jörðin átti ekki rétt til upprekstar á afrétt.²⁹

Torfrista var sögð sæmileg árið 1708 en stunga lítt nýtandi. Lyngrif og hrísrif til eldiviðar var sagt bjarglegt. Selveiðivon lítil og varla teljandi og ekki verið að gagni í mörg ár. Rekavon var sömuleiðis sögð lítil og hepnast sjaldan, nema það sem hægt var að finna í ís þegar hann rak að landinu. Rekinn skyldi nýttur til húsa á staðnum en hvalreki skyldi ganga til landeiganda. Jörðin átti engjaítök í Sæunarstaðalandi á afmörkuðu svæði, svonefndum Vindhælisteig, og var notað árlega. Túnið var sagt hætt við stórvíðrum sem báru smámöl og leir á völlinn til stórskaða. Engar engjar tilheyrðu jörðinni, nema það litla sem hent var úr hagmýrum, samkvæmt því sem fram kemur í jarðabókinni árið 1708. Þá var kvikfé sagt hætt við að rekast á sjó út fyrir stórvíðrum og oft hafa orðið af því skaði. Vatnsbólið á Vindhæli brást oft á vetrum og var þá langt að afla vatns og varð oft af því fjárskaði samkvæmt jarðabókinni.³⁰

Heimræði var frá Vindhæli vor, sumar og haust og ein lending sæmileg fyrir heimalandi og gengu skip heimabóndans eftir því sem hann gat komið við en sjaldan fleiri en eitt og oft ekkert.³¹

Í jarðabók frá árinu 1847 er jörðin sögð í bændaeign metin á 40 hundruð, landskuld eitt hundruð og 60 álnir kúgildi tvö og hálft og tveir ábúendur á jörðinni, eigandinn og einn leigjandi. Neðanmáls er þess getið að hreppstjóri telji kúgildin þrjú.³²

Í jarðabók frá 1861 er jörðin Vindhæli sögð 40 hundruð að fornu mati en 19 að nýju.³³

²⁵ Björn Lárusson (1967), bls. 241.

²⁶ Björn Lárusson (1967), bls. 241.

²⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VIII*, bls. 449.

²⁸ *Sama heimild*.

²⁹ *Sama heimild*, bls. 449-450.

³⁰ *Sama heimild*, bls. 450.

³¹ *Sama heimild*.

³² *Jarðatal á Íslandi*, bls. 244.

³³ *Ný jarðabók*, bls. 90.

Í *Föðurtúni* segir Páll Kolka: „Atvinnuhættir hafa frá fornu fari verið með nokkuð öðru móti á Skagaströnd en annars staðar í héraðinu, því að sjór var þar víða stundaður jafnhliða landbúnaðinum. Róið var frá Naustavöllum og Marvík undir Brekku, úr Finnstaðanesi, frá Höfðakaupstað, Árbakka, Vindhæli, úr Hafstaðavör, Eyjarnesi, og frá Laxárósi, a.m.k. með köflum. Sums staðar voru verbúðir við sjóinn og var oft búið í þeim, t.d. á Skeggjastaðabakka, í Finnsstaðanesi, Árbakkabúð, sem enn er byggð [skrifað 1950], Vindhælisbúð og Hafstaðabúð. Nú er ekki stundaður sjór nema úr kaupstaðnum, nema hvað lítið eitt róið er til matar undan Brekku og úr Eyjarnesi. Hrognkelsaveiði er talsverð víða úti með ströndinni og góð úti í Nesjunum.“³⁴

Skógarhús

Í sóknarlýsingu frá 1873 segir: „Skógaröxl heitir rétt fyrir norðan Hallárdalsá upp undan Vindhæli, og heita þar Skógarhús, sem á að vera eyðibýli.“³⁵

Í grein Hjördísar Gísladóttur „Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi“ segir: „Í fjallinu fyrir ofan Vindhæli er örnefnið Skógaröxl, sem bendir til að hér hafi forðum verið skógur eða kjarr, er komið hefur bændum að notum sem eldiviður. Þar voru Skógarhús.“³⁶

Vindhælisbúðir

Í Búðarvík norður af Löngufjöru norðan Hallár var Vindhælisbúð, þar var útræði og má sjá þar leifar bæjarhúsa og bátanausts.³⁷ Þaðan var útræði frá Vindhæli og búið um tíma. Vindhælisbúð kemur fyrir í einu manntali, það er árið 1870, þá eru skráðir til heimilis á þurrabúðinni þrír einstaklingar, húsmaður sem sagður er lifa á fiskveiðum, bústýra og barn þeirra.³⁸

Ábúð

Í manntalinu frá 1703 eru tvær fjölskyldur skráðar til heimilis á Vindhæli alls sex manns. Árið 1835 fjórtán manns skráðir þar til heimilis, þar af einn húsmaður og kona hans. Árið 1840 eru þar alls níu manns til heimilis, þar af fernt á eigin framfæri. Árið 1845 eru tíu manns til heimilis á Vindhæli, tvær fjölskyldur sem báðar eru sagðir lifa á grasnyt. Árið 1850 enn tvíbýlt á jörðinni, alls 12 manns. Árið 1855 eru þrettán skráðir til heimilis á heimajörðinni, en þar af tveir húsmenn ásamt fjölskyldum sínum og er annar þeirra sagður lifa af fiskveiðum. Árið 1860 eru enn þrettán manns til heimilis á Vindhæli, þar af einn húsmaður ásamt konu sinni. Árið 1870 eru 16 manns þar til heimilis, þar af einn húsmaður (smiður). Þetta sama ár er í fyrsta sinn minnst á Vindhælisbúð og þrír skráðir til heimilis í þurrabúðinni. Árið 1890 eru tíu manns til heimilis á heimajörðinni, þar af einn lausamaður á eigin framfæri. Árið 1901 er tvíbýlt á jörðinni og 19 einstaklingar skráðir þar með fasta búsetu og einn maður að auki tímabundið til heimilis á bænum.³⁹

³⁴ Páll Kolka (1950), bls. 58.

³⁵ *Sýslu- og sóknalýsingar I*, bls. 155.


³⁶ Hjördís Gísladóttir (1989), bls. 284.

³⁷ *Vindhæli*. Skráð af Lárusi G. Guðmundssyni. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík. Bls. 1.

³⁸ Manntalsvefur Þjóðskjalsafns Íslands, www.manntal.is Skoðað þann 9.2.2010.

³⁹ Manntalsvefur Þjóðskjalsafns Íslands. www.manntal.is Skoðað 09.02.2010.

Fornleifaskrá



Mynd 19, túnakort frá fyrri hluta 20. aldar lagt yfir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Í uppmælingunni á túnakortinu er túnið sagt 7,4 ha. Númerin á myndinni eru hlaupandi númer minjanna í skýrslunni, hér eru ekki sýndar minjar í heimatúni aðrar en þær sem fram koma á túnakortinu.

Vindhæli - 1

Sérheiti: Vindhæli

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Gamla bæjarstæðið á Vindhæli er norðan við núverandi útihús og hafa þau að hluta verið byggð á gamla bæjarhólnum.

Lýsing

Gamli bærinn sem síðast stóð á Vindhæli stóð milli fjóssins sem enn sjást leifar af með steypu haughúsi og hlöðu núverandi útihúsa norðan bæjar. Hlaðan nær yfir hluta gamla

bæjarstæðisins, en um 14m eru frá hlöðunni og að haughúsi fjóssins. Óljósar minjar sjást um 4m suður fyrir haughúsið en óvíst hvort það eru leifar fjóssins eða bæjarins.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Páli Magnússyni (f. 1921) sem ólst upp á Vindhæli var gamli bærinn notaður fram undir 1952-53 (munnleg heimild, 16.06.2009). Þórdísarstofa/Þórdísarhús/Vindhælisstofa var hluti af gamla bænum byggð í tíð Þórdísar Ebenesersdóttur (1808-1890) eftir að hún giftist síðari manni sínum Hillebrand kaupmanni árið 1880 (MB: 254, 262). Í bók Magnúsar Björnssonar *Hrakhólar og höfuðból* kemur fram að áður en Vindhælisstofan var byggð hafi verið göng milli hæstæðisins við fjósið og bæjarins, að mestu niðurgrafin, og þar hafi Þórdís hafst við þegar hún var í felum fyrir sýslumanni um tíma áður en hún giftist fyrri manni sínum Guðmundi á Vindhæli (MB: 221).



Mynd 20, framhluti gamla bæjarins á Vindhæli, Vindhælisstofa Þórdísar (Mynd úr: Páll Kolka (1950). Föðurtún. P.V.G. Kolka: Reykjavík.).



Mynd 21, horft til suðvesturs yfir gamla bæjarstæðið á Vindhæli, lengst til vinstri er hlaða, fyrir miðju er steyp haughús sem var í miðju fjósi (nr. 2) og lengra til hægri votheysturn.

Vindhæli - 2

Hlutverk: Fjós

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru bær og fjós sýnd sem ein heild ásamt „gömlum rústum“. Í örnefnaskrá Vindhælis segir að fjósið hafi staðið norðaustan við bæinn (ÖGJ: 1).

Lýsing

Steinsteypt haughús stendur norðan við núverandi útihús og leifar torfveggja fjóssins beggja vegna þess. Að vestan eru tveir samsíða veggir, um 20-30sm háir og um 2m breiðir og mynda 9x3m tóft að innanmáli sem er opin til vesturs. Austan við eru leifarnar óljósari og ná um 4m til austur og annað eins suður fyrir haughúsið. Fjósið var sambyggt norðan eða norðaustan við gamla bæinn (Vindhælisstofuna) og ekki fullljóst hvar það hefur endað og gamli bærinn byrjað. Lengst til austurs er garðlag sem gengur til austurs út frá norðausturhorni tóftarinnar og svo til suðurs samsíða því hugsanlega leifar eldri byggingar. Veggurinn er 6m langur til austurs og 12m langur til suðurs, afar óljós um 10-15sm hár þar sem hann er hæstur og um 1,6m breiður.

Vindhæli - 3

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þústir

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru sýndar „gamlar rústir“ fast norðvestan við bæ og fjós á Vindhæli.

Lýsing

Ógreinilegar mannvistarleifar eru víða á gamla bæjarhólnum smá þústir og dældir, vestast á hólnum þar sem „hús og gamlar rústir“ (nr 5-6) eru teiknaðar inn á túnakortið er nú ólögulegur rústahóll en engir greinilegir veggir eða tóftir.

Vindhæli - 4

Hlutverk: Bænhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Páll Magnússon man eftir hringlaga garði og mikið af leiðum innan hans suðvestan við íbúðarhúsið á Vindhæli (munnleg heimild 16.06.2009). Samkvæmt Magnúsi B. Guðmannssyni voru einhverjar leifar greinanlegar í túninu suðvestan við íbúðarhúsið þar til fyrir skömmu og var punktur tekinn samkvæmt tilsögn hans.

Lýsing

Engin örugg merki um kirkjugarð eða bænhústóft voru sýnilegar á vettvangi sumarið 2009. Hnitpunktur var þó tekinn samkvæmt tilsögn Magnúsar B. Guðmannssonar.

Aðrar upplýsingar

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 er uppistandandi tóft á Vindhæli sem kölluð er Bænhústóft, en tíðir höfðu ekki verið veittar í manna minni (JÁM VIII: 449).

Vindhæli - 5

Hlutverk: Óþekkt [„hús og rústir“]

Tegund: Þúst (heimild um hús)

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru sýnd sem ein heild „hús og rústir“ um 13m norðvestan við bæ á Vindhæli, fast sunnan við heimreiðina.

Lýsing

Þarna eru greinilega einhverjar mannvistaleifar, þústir og dældir, en ekki að sjá neina veggir eða hægt að gera sér grein fyrir upphaflegu útliti eða eðli þessara minja.

Vindhæli - 6

Hlutverk: Óþekkt [„hús og rústir“]

Tegund: Þúst (heimild um rústir)

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru sýnd sem ein heild „hús og rústir“ um 13m norðvestan við bæ á Vindhæli, fast sunnan við heimreiðina.

Lýsing

Þarna eru greinilega einhverjar mannvistaleifar, þústir og dældir, en ekki að sjá neina veggi eða hægt að gera sér grein fyrir upphaflegu útliti eða eðli þessara minja.

Vindhæli - 7

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er heimreiðin sýnd liggja til vesturs frá norðvesturhorni bæjar og fjóss (nr. 1-2) og norðan við „hús og rústir“ (nr. 5-6).

Lýsing

Vegslóði er enn á þessum stað vestur eftir túninu.

Vindhæli - 8

Hlutverk: Óþekkt/fjánhús

Tegund: Dældir

Staðhættir

Tæplega 45m norður af norðausturhorni núverandi útihúsa norðan við íbúðarhúsið á Vindhæli, eru dældir í austurjaðri túnsins, hugsanlega leifar fjárhúsa.

Lýsing

Dældirnar eru tvær samsíða, 14,5m langar og sú syðri 2,5m breið og sú nyrðri um 3,5m breið. Báðar eru aflíðandi um 10sm djúpar.

Vindhæli - 9

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnt fjánhús rúma 70m norður af gamla bæjarstæðinu, fast norðan við útihúsin sem nú standa norðan við íbúðarhúsið á Vindhæli.

Lýsing

Engar menjar um þetta hús fundust á vettvangi, en þarna er í dag slétt tún.

Aðrar upplýsingar

Miðað við túnakortið hefur þetta hús verið um 20x9m að utanmáli og snúið NNA-SSV.

Vindhæli - 10

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnt hesthús norðaustast í gamla túninu, um 130m norður af gamla bæjarstæðinu.

Lýsing

Engar menjar um þetta hús fundust á vettvangi, en þarna er í dag slétt tún.

Aðrar upplýsingar

Miðað við túnakortið hefur þetta hús verið um 8,5x9m að utanmáli og snúið NNA-SSV.

Vindhæli - 11

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft/dældir

Staðhættir


Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnt fjárhús um 60m suður af gamla bæjarstæðinu. Sunnan við núverandi afleggjara heim á hlaðið á Vindhæli eru óljósar tóftaleifar í túninu, um 18m sunnan við íbúðarhúsið.

Lýsing

Tóftirnar eru um 14,5x7m að utanmáli og snúa austur-vestur. Um er að ræða tvær samsíða dældir, 10-10,5m langar um 120sm breiðar og um 10sm djúpar, óljósir veggir eru umhverfis dældirnar um 80-160sm breiðir og 5-10sm háir. Um 1,5m sunnan við þessar tóftaleifar er um 10sm djúp dæld, 4x3m að ummáli, hugsanlega leifar mannvirkis af einhverju tagi.

Aðrar upplýsingar

Miðað við túnakortið hefur fjárhúsið verið um 7x18m að utanmáli og snúið austur-vestur.



Vindhæli - 12

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dæld

Staðhættir

Sunnan við núverandi afleggjara heim á hlaðið á Vindhæli eru óljósar tóftaleifar í túninu, um 18m sunnan við íbúðarhúsið. Um 1,5m sunnan við þær er dæld í túninu.

Lýsing

Dældin er aflöng frá norðri til suðurs 4x2,5m að ummáli og um 10sm djúp, hugsanlega eru þarna leifar byggingar af einhverju tagi.

Vindhæli - 13

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrrihluta 20. aldar er sýnt fjárhús um 130m suður af gamla bæjarstæðinu, um 65m suður af fjárhúsunum nr. 11.

Lýsing

Búið er að slétta úr öllum ummerkjum um þessi hús og bylta í tún.

Aðrar upplýsingar

Miðað við túnakortið hefur fjárhúsið verið um 10x12m að ummáli. Samkvæmt Magnúsi Guðmannssyni voru stór fjárhús þarna síðast, um 15m breið með 5-6 burstir (munnl. heimild. 16.06.2009).

Vindhæli - 14

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Hryggur

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru sýndar útbrúnir gamla túnsins og passar teikningin vel við hrygg sem enn er sýnilegur í túninu þar sem voru norðurmörk gamla túnsins, um 145m norður af núverandi útihúsum á Vindhæli.

Lýsing

Hryggurinn er ávalur um 10-30sm hár og allt að 5m breiður og liggur austur-vestur með aflíðandi boga til norðurs. Hryggurinn sést á um 80m kafla vestur af þjóðveginum en hverfur svo á um 25m kafla en sést svo aftur á um 140m kafla þar sem hann liggur VSV-ANA.

Aðrar upplýsingar

Á túnakortinu er tekið fram að meðfram túninu að vestan hafi verið torfgarður með vírgirðingu, að sunnan og suðvestan hafi verið fimmþætt vírgirðing. Líklega hefur restin, að austan og norðan verið fjárheldur torfgarður þótt ekki sé það tekið sérstaklega fram.

Vindhæli - 15

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Tröð

Staðhættir

Leifar traðar eru enn sýnilegar í túninu með stefnu í NNV frá gamla bæjarstæðinu á Vindhæli.

Lýsing

Leifar traðarinnar eru misgreinilegar en þó má rekja sig eftir henni á um 190m kafla frá gamla bæjarstæðinu til NNV.

Vindhæli - 16

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Hóll

Staðhættir

Norðan við heimreiðina í vesturjaðri gamla túnsins á Vindhæli er tóftalegur hóll og man Páll Magnússon eftir tóft á þessum stað (munnleg heimild, 16.06.2009).

Lýsing

Hóllinn er um 30-50sm hár og 13x10m í ummál. Efst er um 10sm djúp dæld með ávölum brúnum, 7,5x3-3,5m að innanmáli.



Vindhæli - 17

Hlutverk: Beðasléttur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt Páli Magnússyni voru beðasléttur syðst í gamla túninu á Vindhæli (munnl. heimild 16.06.2009).

Lýsing

Engar menjar þessara beðasléttna fundust á vettvangi, þarna eru nú að mestu slétt tún og vegur frá íbúðarhúsinu að útihúsum. Punktur var tekinn með hliðsjón af túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar.

Vindhæli - 18

Hlutverk: Öskuhóll

Tegund: Hóll

Staðhættir

Um 33m norðvestan við steinsteypta hlöðu norðan við núverandi íbúðarhús á Vindhæli eru leifar öskuhóls, fast norðan við annan öskuhól (nr. 19).

Lýsing

Hóllinn er grasi gróinn og fremur ójafn, mest um 120sm, hár afgangur frá austri til vesturs 16x10m að ummáli.

Vindhæli - 19

Hlutverk: Öskuhóll

Tegund: Hóll

Staðhættir

Um 25m norðvestan við steinsteypta hlöðu norðan við núverandi íbúðarhús á Vindhæli eru leifar öskuhóls fast sunnan við annan öskuhól (nr. 18).

Lýsing

Hóllinn er grasi gróinn og fremur ójafn, mest um 80sm, hár aflangur frá suðvestri til norðausturs, um 13x7m.

Vindhæli - 20

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Dæld

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrrihluta 20. aldar er sýnt hesthús í túninu rúma 100m suðvestur af gamla bæjarstæðinu. Á þessum stað um 85m suðvestur af íbúðarhúsinu á Vindhæli er dæld í túninu.

Lýsing

Dældin er um 8,5x10m að ummáli, um 10sm djúp og með ávalar og fremur óreglulegar brúnir nema að norðan. Dældin snýr nálega austur-vestur.

Aðrar upplýsingar

Miðað við túnakortið hefur hesthúsið verið um 11x4,5m að ummáli og snúið austur-vestur.

Vindhæli - 21

Hlutverk: Óþekkt/kuml

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Fimm hleðslur eru á melhryggjunum handan við mýrar-sundið austan við bæ á Vindhæli. Nyrsta hleðslan er um 110m beint austur af gamla bæjarstæðinu á Vindhæli og um 130m norðaustur af íbúðarhúsinu.

Lýsing

Hleðslan er 140x100m að ummáli og um 10-15sm hærri en umhverfið, nema að norðvestan þar sem er um 1m hátt rofabarð og hefur hluti hleðslunnar rofnað.

Hleðslan er annars gróin grasi, mosa og ljónslöpp.

Aðrar upplýsingar

Útlit og staðsetning hleðslunnar samræmist ágætlega heiðnum legstað eða kumli en ómögulegt er að fullyrða um það án frekari rannsókna.



Mynd 22, hleðsla nr. 21 ofan (austan) við Vindhæli.

Vindhæli - 22

Hlutverk: Óþekkt/kuml

Tegund: Hleðsla

Staðhættir


Fimm hleðslur eru á melhryggjunum handan við mýrarsundið austan við bæ á Vindhæli. Hleðslur nr. 22-24 eru í beinni röð frá norðvestri til suðausturs eftir melhrygg um 150m austur af íbúðarhúsinu á Vindhæli.

Lýsing

Hleðslan eða grjótdreifin er 160x130sm að ummáli og snýr norðaustur-suðvestur, um 10sm hærri en umhverfið. Grjótið í hleðslunni er stærra en í melnum umhverfis, að mestu gróið grasi, mosa og ljónslöpp, en melurinn gróðursnauðari umhverfis.

Aðrar upplýsingar

Útlit og staðsetning hleðslunnar samræmist ágætlega heiðnum legstað eða kumli en ómögulegt er að fullyrða um það án frekari rannsókna.



Mynd 23, horft til suðausturs yfir hleðslur ofan við Vindhæli (næst er hleðsla nr. 22, þá nr. 23 og nr. 24 lengst til vinstri, í fjarska hægra megin við miðja mynd sér í hleðslu nr. 25).

Vindhæli - 23

Hlutverk: Óþekkt/kuml

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Fimm hleðslur eru á melhryggjunum handan við mýrarsundið austan við bæ á Vindhæli. Hleðslur nr. 22-24 eru í beinni röð frá norðvestri til suðausturs eftir melhrygg um 150m austur af íbúðarhúsinu á Vindhæli.

Lýsing

Hleðslan er á svolítilli gróðurtorfu um 10sm há og 125x80sm að ummáli og snýr norðvestur-suðaustur.

Aðrar upplýsingar

Útlit og staðsetning hleðslunnar samræmist ágætlega heiðnum legstað eða kumli en ómögulegt er að fullyrða um það án frekari rannsókna.



Mynd 24, horft til vesturs yfir hleðslu nr. 23, íbúðarhúsið og útihúsin á Vindhæli í baksýn.

Vindhæli - 24

Hlutverk: Óþekkt/kuml

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Fimm hleðslur eru á melhryggjunum handan við mýrarsundið austan við bæ á Vindhæli. Hleðslur nr. 22-24 eru í beinni röð frá norðvestri til suðausturs eftir melhrygg um 150m austur af íbúðarhúsinu á Vindhæli.

Lýsing

Hleðslan er næsta ferhyrnd um 150sm á kant og snýr norðaustur-suðvestur, um 20sm hærrí en umhverfið. Melurinn umhverfis er gróðurvana sem og hleðslan að mestu leyti

Aðrar upplýsingar

Útlit og staðsetning hleðslunnar samræmist ágætlega heiðnum legstað eða kumli en ómögulegt er að fullyrða um það án frekari rannsókna.



Mynd 25, hleðsla nr. 24, austan við Vindhæli.

Vindhæli - 25

Hlutverk: Óþekkt/kuml

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Fimm hleðslur eru á melhryggjunum handan við mýrarsundið austan við bæ á Vindhæli. Syðsta hleðslan er um 16m suðvestan við hleðslu nr. 24, um 140m beint austur af íbúðarhúsinu.

Lýsing

Hleðslan er næsta hringlaga um 140sm í þvermál og um 10-15sm hærrí en umhverfið. Stærri grjóti er í hleðslunni en er annarsstaðar á melnum, dregið saman í litla hrúgu. Hleðslan sjálf er gróðurvana en örlitlar gróðurtorfur eru umhverfis hana og á dreif um melinn.

Aðrar upplýsingar

Útlit og staðsetning hleðslunnar samræmist ágætlega heiðnum legstað eða kumli en ómögulegt er að fullyrða um það án frekari rannsókna.



Mynd 26, horft NNA yfir hleðslur austan við Vindhæli, næst til vinstri á myndinni er hleðsla nr. 25 og hæstu topparnir á melhryggnum fyrir aftan eru hleðslur nr. 22-24 talið frá vinstri til hægri. Spákonufell í baksýn.

Vindhæli - 26

Hlutverk: Torfrista og -stunga

Tegund: Niðurgreftur

Staðhættir

Leifar torftöku má sjá ofan (austan) við veginn sem liggur fram Hallárdal, um 260m upp eftir veginum frá þjóðveg nr. 1 og um 700m NNA af bæ á Vindhæli.

Lýsing

Skammt ofan við veginn sjást niðurgreftir á um 45x10m svæði, um 30sm djúpir með reglulegum og fremur skörpum brúnum.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín var torfrista sáemileg á Vindhæli (JÁM VIII: 450).

Vindhæli - 27

Hlutverk: Rétt/stekkur


Tegund: Tóft

Staðhættir

Neðan (vestan) við veginn sem liggur fram Hallárdal, um 400m upp eftir veginum frá þjóðvegi 1, er afar forn og ógreinileg tóft.

Lýsing

Tóftin er um 23x16m að ummáli í heild og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er tvískipt að suðvestan er stórt hólfi 9x7m að innanmáli og austan við það óljóst lítið hólfi um 2x2,5m að innanmáli. Veggir eru afar



fornir að sjá, sokknir og þýfðir og falla vel inní umhverfið, mest um 4m breiðir og á bilinu 50-60sm háir, örlítið rofnir á köflum.



Mynd 27, forn rétt eða stekkur norðaustur af Vindhæli neðan við veginn fram á Hallárdal. Horft til suðvesturs

Vindhæli - 28

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Varða er á melhóli neðan (vestan) við veginn sem liggur fram á Hallárdal um 600m upp með veginum frá Þjóðvegi 1.

Lýsing

Varðan er mest um 60sm há, keilulaga og um 2x2m að grunnfleti, gróin grasi, mosa og lyngi, en umhverfis er að mestu gróðurvana melur.



Mynd 28, leifar vörðu (nr. 28) neðan (vestan) við veginn fram Hallárdal.

Skógarhús



Mynd 29, horft til norðvesturs yfir tóftahól Skógarhúsa, fyrir miðri mynd, Skagastrandarbær í baksýn.

Vindhæli – 29

Sérheiti: Skógarhús

Hlutverk: Óþekkt/Býli

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefanskra Vindhælis segir: „Í austur frá bænum, upp undir fjallsrótum, er lítill hól eða hæð, sem má sjá merki fyrir tóftum, sem nefnast Skógarhús.“ (ÖLG: 2). Í annarrri örnefnaskrá segir: „Norður af túninu heitir Vindhælimelur, upp af Ennum og Teigum er fjall, lyngi og kjarri vaxið, sem heitir Skógaröxl, suðvestur undir henni eru tóftir, sem heita Skógarhús.“ (ÖGM: 1).

Lýsing

Tóftin er um 19x12m að ummáli (NNA-SSV) og stendur á svolitlum hól. Tóftin virðist fjór- eða jafnvel fimmskipt. Veggir eru 30-60sm háir og 0,6-3m breiðir, grórir grasi, mosa og ljónslöpp. Hugsanlega eru eldri minjar undir þeim sem sjást á yfirborði, en úr því verður ekki skorið án frekari rannsóknar.

Aðrar upplýsingar

Í sóknarlýsingu frá 1873 segir: „Skógaröxl heitir rétt fyrir norðan Hallárdalsá upp undan Vindhæli, og heita þar Skógarhús, sem á að vera eyðibýli.“ (SS 1: 155). Í grein Hjördísar Gísladóttur „Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi“ segir: „Í fjallinu fyrir ofan Vindhæli er örnefnið Skógaröxl, sem bendir til að hér hafi forðum verið skógur eða kjarr, er komið hefur bændum að notum sem eldiviður. Þar voru Skógarhús.“ (HG: 284).

Vindhæli - 30

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft/þúst

Staðhættir

Neðar í brekkunni, um 13m vestur af tóftum Skógarhúsa er óljós hugsanleg tóft.

Lýsing

Um er að ræða sléttan ferhyrndan flöt inná milli þúfna. Flöturinn er 2,5x1,7m og umhverfis eru hugsanlegar leifar veggja sem eru hlaupnir í þúfur og afar ógreinilegir. Ekki er hægt að skera endanlega úr um hvort hér sé um leifar mannvirkis af einhverju tagi að ræða án frekari rannsókna, borkjarnatöku eða grefti.

Vindhæli - 31

Hlutverk: Óþekkt/smalabyrgi


Tegund: Tóft

Staðhættir

Lítil grjóthlaðin tóft er undir Skógaröxl, um 60m ofan (norðan) við veginn þar sem hann beygir til norðausturs fram Hallárdal.

Lýsing

Tóftin er um 3x3m opin til suðausturs,



Mynd 30, hlaðin tóft eða byrgi (nr. 31) undir Skógaröxl.

hlaðin úr grjóti með 30-70sm háa vegg. Óvíst er um aldur eða eðli þessarar tóftar en hún virðist ekki mjög gömul. Hugsanlega eru þetta leifar smalabyrgis eða seinni tíma mannvirki af einhverju tagi.

Vindhæli - 32

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Undir Skógaröxl um 100m suður af veginum þar sem hann beygir til norðausturs fram Hallárdal.

Lýsing

Hleðslan eða grjótdreifin samanstendur af litlum og stórum steinum sem skera sig frá smágerðara grjóti á melnum umhverfis um 10-15sm hærra og mynda aflanga grjótdreif frá norðvestri til suðausturs, um 6m langa og 3m breiða. Það er engu líkara en að þetta grjót hafi verið dregið saman af mannavöldum, en ekki er hægt að útiloka að um náttúrufyrirbrygði sé að ræða.



Mynd 31, óljós hleðsla (nr. 32) suður undan Skógaröxl, austur af Vindhæli.

Vindhæli - 33

Hlutverk: Óþekkt/kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Varða er á mel undir Skógaröxl, um 270m suðaustur af tóftum Skógarhúsa og tæpa 200m suðvestur af veginum þar sem hann beygir fram Hallárdal.

Lýsing

Varðan er um 40sm há og 1x1,2m að grunnfleti (N-S) og stendur á næsta gróðurvana mel, en lyng vex umhverfis vörðuna.



Mynd 33, varða nr. 33 suðvesturundan Skógaröxl, austur af Vindhæli.

Vindhæli - 34

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Hleðsla er austast á melnum sem ganga til austurs meðfram Hallá, um 750m austur af syðri útihúsunum á Vindhæli og um 180m norður af Hallá þar sem bugur er á henni til suðurs ofan við Kjalarland.

Lýsing

Efst á melnum er hringlaga kantur tæpir 3m í þvermál og grjóthleðsla inni, mest um 30sm há.



Mynd 32, hleðsla (nr. 34) norðan Hallár, horft til norðvesturs heima að Vindhæli.

Vindhæli - 35

Hlutverk: Óþekkt/kennimark

Tegund: Hleðsla/Varða

Staðhættir

Hleðsla er austarlega á melunum sem ganga til austurs meðfram Hallá, um 560m austur af syðri útihúsunum á Vindhæli og um 220m norðvestur af hleðslu nr. 34.

Lýsing

Varðan er 3,5x2m að grunnfleti og snýr norðausturs-suðvestur, hrunin að hluta, mest um 50sm há. Gras, mosi og ljónslöpp grær við hleðsluna en umhverfis er gróðurryr melur.



Mynd 34, hleðsla (nr. 35) austan við Vindhæli, Kjalarland í baksýn.



Mynd 35, hleðsla (nr. 36) næst á myndinni fjær og ber við sjó er önnur hleðsla (nr. 37). Hvíta húsið í fjarska er íbúðarhúsið á Vindhæli og lengst til hægri og efst á myndinni er Skagaströnd.

Vindhæli - 36

Hlutverk: Óþekkt/kuml

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Hleðsla er austarlega á melunum sem ganga til austurs meðfram Hallá, um 465m aust-suðaustur af íbúðarhúsinu á Vindhæli og um 130m norðvestur af hleðslu nr. 35.

Lýsing

Hleðslan eða grjóthrúgan er um 10-15sm há og 2x1,5m að ummáli og snýr norður suður. Hún er næsta algróin ljónslöpp, en melurinn umhverfis er gróðursnauður.

Vindhæli - 37

Hlutverk: Óþekkt/kuml

Tegund: Hleðsla/Varða

Staðhættir

Hleðsla er austarlega á melunum sem ganga til austurs meðfram Hallá, um 430m aust-suðaustur af íbúðarhúsinu á Vindhæli og um 35m norðvestur af hleðslu nr. 36.

Lýsing

Hleðslan er 170x130sm að grunnfleti og snýr norðaustur-suðvestur mest um 20-30sm há. Útbrúnir hennar eru grónar grasi, mosa og ljónslöpp en umhverfis er næsta gróðurvana melur.

Aðrar upplýsingar

Útlit og staðsetning hleðslunnar samræmist ágætlega heiðnum legstað eða kumli en ómögulegt er að fullyrða um það án frekari rannsókna.

Vindhæli - 38

Hlutverk: Óþekkt/heygarður/mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóft er rétt austan við túngirðingu syðstu túnanna á Vindhæli, um 550m niður með Hallá frá brúnni á Þjóðvegi 1.

Lýsing

Tóftin er aflöng frá norðvestri til suðausturs, um 8x3,4m að utanmáli og 6,5x1,4m að innan. Veggirnir eru um 20-30sm háir, þýfðir og algrónir grasi og mosa og skera sig lítt úr umhverfinu.

Vindhæli - 39

Hlutverk: Óþekkt/mótóft

Tegund: Þúst/hóll

Staðhættir

Tóft er rétt austan við túngirðingu syðstu túnanna á Vindhæli, um 550m niður með Hallá frá brúnni á Þjóðvegi 1, um 11m suður af tóftinni er tóftalegur hóll eða þúst.

Lýsing

Hóllinn er um 30sm hár, um 4,5x3m að ummáli og snýr norður-suður. Hann sker sig nokkuð úr umhverfinu og er sléttur að ofan.

Vindhæli - 40

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Mógrafir eru rétt austan við túngirðingu syðstu túnanna á Vindhæli, um 600m niður með Hallá frá brúnni á Þjóðvegi 1, tæpa 40m suður af meintri mótóft (nr. 39).

Lýsing

Aðalgröfin er syðst, um 15x8m (NNV-SSA) að ummáli og á bilinu 20-40sm djúp. Norðan við hana er tvær litlar holur um 1x1m á kant og álíka djúpar.

Aðrar upplýsingar


Samkvæmt Páli Magnússyni mun meiri hluti mógrafanna í landi Vindhælis hafa horfið undir tún vestan Þjóðvegarins (munnleg heimild Páll Magnússon, 16.06.2009).

Vindhæli - 41

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir



Önnur mógröf er rétt sunnan við túngirðingu syðstu túnanna á Vindhæli, um 750m niður með Hallá frá brúnni á Þjóðvegi 1.

Lýsing

Gröfin er um 5x4m (ANA-VSV) og um 30-40sm djúp.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Páli Magnússyni mun meiri hluti mógrafanna í landi Vindhælis hafa horfið undir tún vestan þjóðvegarins (munnleg heimild Páll Magnússon, 16.06.2009).



Mynd 36, horft til norðurs yfir meintar stekkjartóftir (nr. 42) við Hallá, suðvestan við syðstu túnin á Vindhæli.

Vindhæli - 42

Hlutverk: Óþekkt/stekkur


Tegund: Tóft


Staðhættir

Óljós tóft er í litlum hvammi við Hallá rúma 50m suðvestur af syðsta túninu á Vindhæli.

Lýsing

Nyrst er illgreinanlegur veggur sem liggur í vinkel út frá náttúrulegum bakka til austurs um 3,5m og svo annað eins til suðurs. Hann er 20-30sm hár og um 1,3-2m breiður. Sunnan við hann er illgreinileg tóft 6,5x4m að utanmáli (A-V) og 3,5x2m að innamáli, hugsanlega með dyr til suðurs. Veggir tóftarinnar eru sokknir, þeir eru á bilinu 1-2m breiðir og um 20-40sm háir. Hvort tveggja tóftin og veggbrotið eru algróin og falla vel inni umhverfið. Hugsanlega hefur verið rétt upp við bakkann að vestan og tóftin verið lambakró í stekk.





Vindhæli - 43

Hlutverk: Óþekkt/kuml

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Hleðslur sem taldar hafa verið kuml standa á gilbarmi Hallár um 340m suður af syðstu túnunum á Vindhæli, um 1300m frá bæ.

Lýsing

Hleðslan er um 6,5x6,5m að ummáli og snýr nálega norður-suður. Veggir eru á bilinu 0,9-2,6m breiðir en standa lítið uppúr jörðu, þeir eru þó fremur greinilegir þar sem í þeim er mun stærra grjót en í melnum umhverfis og gróið er upp að þeim. Norðan við hleðsluna er varða eða hrúga af grjóti (nr. 44) sem hugsanlega hefur verið tekið úr

hleðslunni og má vera að geilin í norðurvegginn sé afleiðing af því og jafnvel dældin í miðri hleðslunni.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Magnúsi B. Guðmannssyni og Páli Magnússyni hefur heimafólk á Vindhæli lengi talið að þetta væri legstaður úr heiðni eða kuml (munnl. heimild 16.06.2009).



Mynd 37, horft til SSA yfir hleðslur sem taldar hafa verið kuml á gilbarmi Hallár um 340m suður af syðstu túnunum á Vindhæli, um 1300m frá bæ.

Vindhæli - 44

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla/varða

Staðhættir

Hleðslur sem taldar hafa verið kuml standa á gilbarmi Hallár um 340m suður af syðstu túnunum á Vindhæli, um 1300m frá bæ.

Lýsing

Grjóthrúga eða varða er norðan við hleðsluna (nr. 43) og er engu líkara að þar hafi verið hrúgað upp grjóti sem tekið hafi verið úr fyrrnefndri hleðslu. Grjótið í vörðunni er að hluta til gróið skófum en skil á steinunum benda til að hluti þeirra hafi verið hreyfður eða tekinn úr jörðu fyrir fáum áratugum síðan. Varðan er um 2,3x2m (N-S) og mest um 40sm há.

Vindhælisbúð



Mynd 38, horft til suðurs yfir tóftir Vindhælisbúðar í Búðarvík í landi Árþakka.

Vindhæli - 45

Sérheiti: Vindhælisbúð

Hlutverk: Híbýli/sjóbúðir

Tegund: Tóftahóll/bæjarhóll

Hættumat: Sjórinn hefur þegar brotið af suðvesturhluta hólsins og eru minjarnar því í hættu vegna landbrots.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Vindhælis segir: „Meðfram sjónum innan frá Hallá og út að Selatanga eru nöfn á víkum og vogum. Talið frá Hallá: Langafjara, Búðarvík (þar var útræði áður fyrr, og má sjá merki að bæjartóftum og bátanausti) [...]“ (ÖLG: 1). Tóftir eru við ströndina um 600m NNV af ósi Hallár.

Lýsing

Umfangsmestu minjarnar eru á gömlum tóftahóli og bera með sér að hafa verið reistar á rústum eldri minja. Tóftahóllinn er mest um 1m hár og um 18x18m að ummáli og snýr þvert á fjöruna sem liggur þarna í boga frá norðvestri til suðausturs. Eitthvað hefur brotið af suðvesturhluta tóftahólsins en óvíst hve mikið það hefur verið.

Aðrar upplýsingar

Í annarri örnefnaskrá fyrir Vindhæli segir: „[...] Lilta-Vík, skammt þar norðar er Vindhælisbúðarvík, austan við hana eru tóftarbrot, sem hétu Vindhælisbúð. Var þar stundað útræði seint fram á síðustu öld.“ (ÖGM: 1). Töluvert landbrot hefur verið við ströndina á Vindhæli og kambar og fjörur sem voru neðan við klettana eru nú horfnar samkvæmt Páli Magnússyni (munleg heimild, 16.06.2009). Vindhælisbúð kemur einu sinni fyrir í manntali, það er árið 1870, þá eru skráðir til heimilis á þurrabúðinni þrír einstaklingar, húsmáður sem sagður er lifa á fiskveiðum, bústýra og barn þeirra (www.manntal.is, skoðað 09.02.2009).

Vindhæli - 46

Sérheiti: Búðarvík/Vindhælisbúð

Hlutverk: Híbýli/sjóbúðir

Tegund: Tóft


Hættumat: Sjórinn hefur þegar brotið af suðvesturhluta tóftanna og eru minjarnar því í hættu vegna landbrots.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Vindhælis segir: „Meðfram sjónum innan frá Hallá og út að Selatanga eru nöfn á víkum og vogum. Talið frá Hallá: Langafjara, Búðarvík (þar var útræði áður fyrr, og má sjá merki að bæjartóftum og bátanausti) [...]“ (ÖLG: 1). Tóftir eru við ströndina um 600m NNV af ósi Hallár.

Lýsing

Á lágum bæjarhóli (nr, 45) eru óljósar tóftir sem taka yfir svæði sem er um 17x17m. Erfitt er að gera sér grein fyrir innra fyrirkomulagi húsa en þó eru þarna greinilegir veggir og dældir. Nyrst er sléttur flötur um 3x4m og líkt og niðurgráfin rás umhverfis, 30-40sm djúp og 0,6-2m breið. Suðaustan við hana er grunn dæld um 2x2m að innanmáli hugsanlega leifar húss. Suðvestan við hana er önnur dæld að því er virðist tvískipt, að norðvestan er hún 3x3m að innanmáli og um 30sm djúp og gryn timer og minnkar til suðvesturs og er þar um 1x2m. Norðvestan við hana er enn önnur dæld eða hola um 40-50sm djúp og 2x4m að innanmáli. Óljósar veggjaskitrur liggja til suðausturs frá henna og hefur sjórinn brotið af suðvesturhluta þeirra. Veggir eru víðast hvar á bilinu 20-30sm hærri en hólinn, grasi grónir með ávalar brúnir.



Vindhæli - 47

Sérheiti: Búðarvík/Vindhælisbúð

Hlutverk: Uppsátur/naust

Tegund: Tóft

Hættumat: Sjórinn hefur þegar brotið af suðvesturhluta tóftarinnar og eru minjarnar því í hættu vegna landbrots.

Staðhættir

Um 2m norðvestan við tóftahól Vindhælisbúðar eða Búðarvíkur eru leifar nausts eða uppsáturs.

Lýsing

Tóftin er um 8x6m að utanmáli og liggur suðvestur-norðaustur og hefur sjór brotið af suðvesturhluta hennar. Veggirnir eru á bilinu 10-20sm að utan og 50-60sm að innan.

Vindhæli - 48

Sérheiti: Búðarvík/Vindhælisbúð

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Hættumat: Sjórinna hefur þegar brotið af suðvesturhluta hólans og eru minjarnar því í hættu vegna landbrots.

Staðhættir

Um 17m norðvestur af naustinu (nr. 47) er tóftahóll.

Lýsing

Hóllinn er um 12x7m að ummáli og snýr norðaustur-suðvestur, sjórinn hefur brotið af suðvesturenda.

Vindhæli - 49

Sérheiti: Búðarvík/Vindhælisbúð

Hlutverk: Óþekkt/torftökustaður

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Um 2m norðaustan við hólinn (nr. 48) er niðurgroftur, líkt og þar hafi verið tekið torf.

Lýsing

Niðurgrofturinn er óreglulegur með skarpar brúnir, 20-30sm djúpur. Hugsanlega hefur þarna verið tekið torf til bygginga.

Vindhæli - 50

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla/varða

Staðhættir

Í örnefnaskrá Vindhælis segir: „Meðfram sjónum innan frá Hallá og út að Selatanga eru nöfn á víkum og vogum. Talið frá Hallá: Langafjara, Búðarvík (þar var útræði áður fyrr, og má sjá merki að bæjartóftum og bátanausti), Hvalfjara, Litlastapabík [...]“ (ÖLG: 1). Um 125m vestur af tóftum Vindhælisbúðar/Búðarvíkur er hleðsla á klettabrún við suðurenda svonefndrar Hvalfjörú.

Lýsing

Hleðslan er um 1x1m á kant og um 30sm há. Bakinn umhverfis hana er gróinn og grasið gróskumeira næst hleðslunni.



Mynd 39, horft til vesturs yfir hleðslu (nr. 50) syðst á Hvalfjöru í landi Vindhælis.



Mynd 40, horft til norðurs yfir garðlag (nr. 51) syðst á Hvalfjöru í landi Vindhælis.

Vindhæli - 51

Hlutverk: Óþekkt/rétt/fiskgarður

Tegund: Garðlag/tóft


Hættumat: Sjórinn hefur þegar brotið af vesturhluta minjanna og þær eru í áframhaldandi hættu vegna landbrots.

Staðhættir


Í örnefnaskrá Vindhælis segir: „Meðfram sjónum innan frá Hallá og út að Selatanga eru nöfn á víkum og vogum. Talið frá Hallá: Langafjara, Búðarvík (þar var útræði áður fyrr, og má sjá merki að bæjartóftum og bátanausti), Hvalfjara, Litlastapavík [...]“ (ÖLG: 1). Um 25m norður af vörðu sem er syðst á svonefndri Hvalfjöru eru óljós garðlög.

Lýsing

Garðlögin eru tvö og virðast hafa myndað einhvers konar rétt eða aðald af einhverju tagi. Vesturhluti mannvirkisins er horfinn í sjó fram en eftir stendur norðausturhornið, austurhliðin og suðausturhornið. Hlið eða dyr virðst hafa verið sunnan við miðjan austurvegginn. Veggirnir eru mest um 10sm háir, 2-3m breiðir og afar óljósir.



Mynd 41, horft til suðurs yfir tóft (nr. 52) vestan undir Litlastapa í landi Vindhælis.



Vindhæli – 52

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá Vindhælis segir: „Meðfram sjónum innan frá Hallá og út að Selatanga eru nöfn á víkum og vogum. Talið frá Hallá: Langafjara, Búðarvík [...], Hvalfjara, Litlastapavík, upp af henni er grasi gróinn hóll, sem nefnist Litlistapi. Þar nokkru utar Stórapavík [...]; Batsvík, þar var venjulega hafður bátur til hrognkelsaveiða o.fl.“ (ÖLG: 1). Vestur undan Litlastapa er lítil tóft.

Lýsing

Tóftin er 6x4,5m og snýr norðvestur-suðaustur. Útbrúnir norðaustur og norðvesturveggja eru óljósar en innanmál tóftarinnar er 2,5x2,5m og dyr útur horninu til suðurs.

Vindhæli – 53

Hlutverk: Óþekkt/sel/stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir



Í örnefnaskrá Vindhælis segir: „Meðfram sjónum innan frá Hallá og út að Selatanga eru nöfn á víkum og vogum. Talið frá Hallá: Langafjara, Búðarvík [...], Hvalfjara, Litlastapavík, [...]. Þar nokkru utar Stórastapavík, upp af henni er Vindhælisstapinn; Bátsvík [...].“ (ÖLG: 1). Suðurundan Stórastapa/Vindhælisstapa er mjög greinileg tóft.

Lýsing

Tóftin er um 18x8m að ummáli, vestast virðist vera rétt, 8x3m að innanmáli, opin til vesturs með klettavegg að norðan og grjót og torfhlaðinn vegg að sunnan og austan. Austast í réttinni virðist vera innangengt inni lítið hólf um 2x2m að innanmáli, hugsanlega lambakró. Þessi hluti tóftarinnar er að mestu grjóthlaðinn og mun stæðilegri en hólfin austan og sunnan við, veggir á bilinu 80-120sm breiðir og 30-60sm háir. Austan við er hringlaga hólf tæplega 3m í þvermál, með engar greinanlegar dyr eða hlið. Sunnan við „lambakróna“ er hólf eða kofi 3x2,5m að innanmáli, með dyr austast á suðurvegg. Veggir þessa hluta tóftarinnar eru grasi grónir og lægri en hinir og minna grjót er í þeim, þeir eru á bilinu 100-120sm breiðir og 20-30sm háir. Hugsanlega hefur réttinni og meintri lambakró verið viðhaldið lengur, en þetta virðist upphaflega hafa verið ein heild fremur en að þarna sé byggður stekkur ofan á eldri minjum.

Aðrar upplýsingar

Páll Magnússon man eftir tóft á þessum stað en ekki að mannvirkið hafi verið í notkun í hans tíð. Hugsanlega hefur verið stekkjast á þessum stað, en tóftirnar eru flóknari en algengast er með stekki sem yfirleitt saman standa af rétt og lítilli lambakró, það gæti því verið að hér hafi á einhverjum tíma verið sel þótt e.t.v. hafi einnig verið stekkjast í réttinni.



Mynd 42 horft af Vindhælisstapa til suðurs yfir tóft nr. 53

Vindhæli – 54

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsða

Staðhættir

Austan við Vindhælisstapa er umfangsmikil grjóthleðsla

Lýsing

Hleðslan er 20-30sm há, 3x2m að ummáli og snýr NNV-SSA. Töluverð gróðurþekja er umhverfis hleðsluna, lyng, gras og mosi, en melurinn umhverfis er að mestu gróðurvana.

Aðrar upplýsingar

Hleðslan er einna líkust hlöðnum

húsgrunni sem hefur hrunið. Páll Magnússon taldi þó að um heiðinn grafreit eða kuml gæti verið að ræða á þessum stað.



Mynd 43, hleðsla (nr. 54) norðan við Vindhælisstapa. Mynd tekin ofan af stapanum til norðurs.



Mynd 44, tóftahóll (nr. 56) við Bátsvík þar sem var fyrrum hafður bátur frá Vindhæli til hrognkelsaveiða. Horft til NNV lengst til hægri og efst á myndinni sér glitta í Skagaströnd.

Vindhæli – 55

Sérheiti: Bátsvík

Hlutverk: Uppsátur

Tegund: Þúst/tóftahóll

Staðhættir

Í örnefnaskrá Vindhælis segir: „Meðfram sjónum innan frá Hallá og út að Selatanga eru nöfn á víkum og vogum. Talið frá Hallá: Langafjara, Búðarvík [...], Hvalfjara, Litlastapavík [...]. Þar nokkru utar Stórustapavík [...]; Bátsvík, þar var venjulega hafður bátur til hrognkelsaveiða o.fl.“ (ÖLG: 1).

Lýsing

Hóllinn er grasi gróinn að mestu sléttur að ofan en með óreglulegar brúnir. Hann er um 50-60sm hærri en umhverfið og um 7x5m á kant og snýr norður-suður. Grjót sést í hólnum á stöku stað.

Aðrar upplýsingar

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir að heimræði hafi verið frá Vindhæli vor, sumar og haust. Ein lending sögð sæmileg og skip ganga eftir því sem heimabóndinn fékk við komið (JÁM VIII: 450). Töluvert landbrot hefur verið við ströndina á Vindhæli og kambar og fjörur sem voru neðan við klettana eru nú horfnar samkvæmt Páli Magnússyni (munnteg heimild, 16.06.2009).

Vindhæli – 56

Hlutverk: Óþekkt/heygarður

Tegund: Þúst

Staðhættir

Vestan við Vindhæli er breytt mýrarsund sem nú hefur verið þurrkað upp og að stórum hluta breytt í tún, vestan við túnin er nú töluvert stór tjörn sem sést þó ekki á loftmyndum og þornar því líklega upp síðsumars. Vestan tjarnarinnar og mýrarsundsins taka við breiðir melar langleiðina vestur að sjó. Í grónum bolla á milli mela um 800m suðvestur af íbúðarhúsinu á Vindhæli eru leifar einhverslags mannvirkis, hugsanlega heygarðs eða heytóftar. Þar hefur seinna verið komið upp æðarvarpi í manngerðum hreiðurstæðum.



Mynd 45, horft til norðausturs yfir þúst (nr. 56). Í baksýn handan við vatnið sjást íbúðarhús og útihúsin á Vindhæli.

Lýsing

Mannvirkið eða þústin er um 6x4m að ummáli og snýr norðvestur-suðaustur. Þýft og með óreglulegar brúnir, um 30-40sm hærra en umhverfið.

Þjóðsagnastaðir

Vindhæli - 57

Sérheiti: Stórustapabrekkur (Vindhælisstapa-)

Hlutverk: Álagablettur

Tegund: Heimild/Náttúruminjar

Staðhættir

Í örnefnaskrá Vindhælis segir: „Meðfram sjónum innan frá Hallá og út að Selatanga eru nöfn á víkum og vogum. Talið frá Hallá: Langafjara, Búðarvík [...], Hvalfjara, Litlastapavík [...]. Þar nokkru utar Stórustapavík, upp af henni er Vindhælisstapinn.“ (ÖLG: 1).

Lýsing

Þarna eru grónar brekkur og balar milli klapparhóla í nokkrum halla til vesturs og suðurs. Hnitpunktur var tekinn af loftmynd og ná brekkurnar yfir töluvert svæði umhverfis hann.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Vindhælis segir: „Gamlar sagnir greindu frá, að eigi mætti slá Stórustapabrekkurnar, þá yrði Vindhælisbóndinn fyrir skaða eða óhappi. Mér [Lárusi G. Guðmundssyni] er kunnugt, að bóndi á Vindhæli, sem eigi hafði heyrt þessa getið, sló eitt sinn eina brekkuna í grassprettuleysissumri, því hann hafði ekkert til að slá. Sá bóndi missti snemma næsta vetur 3 hesta, rauða að lit, bræður, er allir fenntu mjög nálægt þeim stað, er hann hafði slegið.“ (ÖLG: 2). Samkvæmt Páli Magnússyni hvíldu álögin á brekkunum vestur og niðurundan Stórustapa (munnleg heimild 16.06.2009).

Vindhæli – 58**Sérheiti:** Álfagröf/Álfagróf**Hlutverk:** Álagablettur**Tegund:** Heimild/Náttúruminjar**Staðhættir**

Í örnefnaskrá Vindhælis segir: „Austur við landamerkin millum Vakursstaða og Vindhælis er grasi gróinn hóll, er nefnist Álfagröf (Álfagróf).“ (ÖLG: 1). Í annarri örnefnaskrá segir: „Álfagróf [álagablettur]; þar má ekki slá, og eru uppi sagnir um brot ákvæðisins og ærnar hefndir. Álfagrófarlækur fellur eftir henni.“ (ÖGJ: 1).

Lýsing

Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi sumarið 2009 og hefur ekki verið staðsettur nákvæmlega.

Óstaðsettar minjar**Vindhæli – 59****Hlutverk:** Landamerki**Tegund:** Heimild/varða**Staðhættir**

Í landamerkjaskrá Vindhælis frá 1890 segir: „Að norðan byrja landamerki tjeðrar jarðar við sjó, norðanvert við Selatanga, í vörðu sem þar er [...]“.

Lýsing

Engin varða fannst á Selatanga og er hún líklega horfin vegna landbrots.

Vindhæli – 60 (sama og Árbakki – 43)**Hlutverk:** Landamerki**Tegund:** Heimild/vörður**Staðhættir**

Í landamerkjaskrá Vindhælis frá 1890 segir: „Að norðan byrja landamerki tjeðrar jarðar við sjó, norðanvert við Selatanga, í vörðu sem þar er; þaðan beint í Presthól; svo eins og merkivörður ráða, yfir þveran flóa, í vörðu þá, sem er fyrir norðan Hríshóla og sunnan Strítuhól; [...]“.

Lýsing

Þessara varða var ekki leitað á vettvangi sumarið 2009, en nú er girðing á merkjum yfir flóann.

Vindhæli – 61 (sama og Árbakki – 42)**Hlutverk:** Landamerki**Tegund:** Heimild/varða**Staðhættir**

Í landamerkjaskrá Vindhælis frá 1890 segir: „Að norðan byrja landamerki tjeðrar jarðar við sjó, norðanvert við Selatanga, í vörðu sem þar er; þaðan beint í Presthól; svo eins og merkivörður ráða, yfir þveran flóa, í vörðu þá, sem er fyrir norðan Hríshóla og sunnan Strítuhól; síðan úr nefndri vörðu og yfir norðari enda Kolalágar; þaðan í yzta Axlarhnjúk, sem nefnist Stríta; svo þaðan í háa melhrygginn fyrir neðan Litluskál; þá í hnjúkinn fyrir ofan Smörskál. – Að sunnan, milli Vakursstaða og Vindhælis ræður merkjum Álfagrófarlækur ofan

úr Álfagrófarskál og niður í Halladalsá; þá ræður áin til sjáfar, og sjór til áður nefnds Selatanga.“

Lýsing

Vörðunnar var ekki leitað á vettvangi sumarið 2009.

Annað

Við þetta má bæta að fram á Kambadal eru tvenn smiðjuörnefni, en í örnefnaskrá Guðmundar Guðlaugssonar fyrir Árbakka segir: „All langt fyrir austan Kamba [í samnefndum dal] er gil, er Smiðjugil heitir, fellur lækur eftir því í Kambadalsá. Neðarlega í læknum er foss, og heitir hann Smiðjufoss.“ (ÖGG: 3). Ekki er ljóst hvaðan þetta örnefni er dregið en engar heimildir eru um minjar á þessum stað og var hann ekki skoðaður á vettvangi sumarið 2009.

Annað athyglivert örnefni er Kolalág eða Kolulág. Í örnefnaskrá Vindhælis segir: „Í norðaustur frá bænum, upp í fjallshlíðinni norðanverðri, er lægð, sem nefnist Kolalág.“ (ÖLG: 2). Í athugasemdum og viðbótum Þórhildar Jakobsdóttur við örnefnaskrá Guðmundar Guðlaugssonar fyrir Árbakka segir: „Suðaustur af Breiðunum er skál í fjallinu, sem heitir Kolulág. Ef til vill er það afbökun úr Kolalág þótt fremur virðist ósennilegt, að þar hafi verið gert til kola. Sennilegra er, að lágin dragi nafn af einhverri skepnu. Um Kolulág liggur landamerkjalinan milli Vindhælis og Árbakka.“ (ÖSS: 1-2). Það er ekki útilokað að kolagerð hafi átt sér stað í Kolu-/Kolalág þótt hún sé hátt uppi í fjallinu, í það minnsta benda „skógar“ örnefni í grennd til að þar hafi verið efniviður til kolagerðar. En suður hluti fjallsins ofan við Vindhæli heitir Skógaröxl og er minjar suðvesturundan henni nefndar Skógarhús og talið hafa verið býli. Kolu-/Kolalág var ekki skoðuð á vettvangi sumarið 2009.

Samantekt og niðurstöður

Samkvæmt samningi Skagahrepps og Byggðasafns Skagfirðinga miðast fornleifaskráning jarða í hreppnum við jarðabók Johnsens frá 1847 og eru þær jarðir sem þar koma fyrir skráðar sem sjálfstæðar heildir. Þegar jörðum til skráningar innan hreppsins var forgangsraðað var m.a. tekið mið af hættunni sem minjum er búinn á tilteknum jörðum, s.s. vegna landbrots, skógræktar, jarðræktar eða annarra hugsanlegra framkvæmda. 18 jarðir (miðað við Johnsen 1847) voru valdar til skráningar árið 2009, það voru jarðirnar Víkur, Krókasel, Hróarsstaðir, Kurfur, Örlygsstaðir/Hlíð, Skeggjastaðir, Kelduland/Hafsvellir, Efri-Harastaðir/Harastaðir/Harastaðakot, Brandaskarð, Árbakki, Vindhæli, Ytri-Ey, Syðri-Ey (Eyjarkot), Ytri-Hóll, Njálstaðir og Þverá í Norðurárdal.

Minjarnar sem hér eru til umfjöllunar einskorðast við heimalönd Árbakka og Vindhælis.

Fjöldi og ástand minja

Alls voru skráðar 107 minjar á jörðunum tveimur og þar af voru 9 sem ekki reyndist unnt að staðsetja með viðunandi nákvæmni. Af þeim 98 minjum sem skráðar voru á vettvangi voru 85 sýnilegar á yfirborði en 13 voru staðsettar með hjálp heimildamanna, túnakorta eða annarra traustra heimilda. Nákvæmni staðsetninga af þessu tagi er þó ekki án fyrirvara og í hnitatöflum aftast í skýrslunni eru gefin upp skekkjumörk þar sem það á við.

Jörð	Fjöldi fornleifa*	Staðsettar horfnar minjar	Óstaðsettar minjar	Hlutfall horfinna/óstaðsettra
Árbakki	46	6	5	24%
Vindhæli	61	7	4	18%
Alls	107	13	9	21%

*Hér er átt við minjar sem skráðar voru upp úr heimildum og sem fundust á vettvangi.

Minjar í landi Árbakka

Minjar í landi Árbakka eru mest búsetuminjar frá 19. og 20. öld, leifar útihúsa og túngarðs í heimatúni og leifar stekkja og mógrafa fjær bæ auk sels fram á Hrafnal.

Gamli bærinn [nr. 1] er með öllu horfinn, norðurhluti hans fór undir núverandi fjós og suðurhlutinn var rifinn skömmu síðar. Fjárhústóftir eru greinanlegar frá fleiru en einu tímaskeiði í Hvamminum norðaustan við bæ [nr. 11-12, 15] og hugsanlega rétt [nr. 14] og leifar yfirbyggðs vatnsbóls [nr. 16-17] og ein greinileg fjárhústóft er niður á túninu sunnan við afleggjarann [nr. 6]. Þá sér móta fyrir leifum tveggja hesthúsa og gryfju við þau norðvestast í heimatúninu norðan afleggjarans og austan þjóðvegarins [nr. 7-9]. Í flóanum vestan við bæinn eru menjar um mótöku í Móhvammi [nr. 24-25] og stekkjarleifar nokkru vestar [nr. 26-27]. Minjar um vegagerð sjást í flóaanum þar sem sléttað var úr þúfum og niðurgrafin braut rudd í gegnum deiglendið, svonefnd Vetraubraut [nr. 28].

Út við sjó eru leifar Árbakkabúðar [nr. 29-30] sem var í byggð a.m.k. svo snemma sem um miðja 19. öld og með hléum fram á miðja 20. öld. Þar í nágrenninu eru auk þess leifar fleiri mannvirkja sem tengst hafa sjósókn frá Árbakka í gegnum aldirnar [nr. 32-34] og m.a. tvær óljósar tóftir á Skeljanesi suðvestast í landi Árbakka [nr. 36-37].

Fyrir austan bæ og upp með Hrafná eru leifar einhverskonar smalabyrgis miðja vegu milli Árbakka og Árbakkasels [nr. 38]. Tóftir Árbakkasels [nr. 39-40] sjást vel sunnan við Kambá/Kambadalsá, um 350m austan við ármótin þar sem hún blandast Hrafná. Þar var haft í seli frá Árbakka en ekki er vitað til að þar hafi nokkurn tíma verið heilsársbúseta líkt og á Spákonufellsseli sem er þar rétt norðan árinna.

Minjar í landi Árbakka voru eins og verða vill í misgóðu ástandi, ein varða flokkaðist undir “heillegar minjar”, 4 töldust „vel greinanlegar“, 35 „greinanlegar“ og 11 „illgreinanlegar“. Þessar skilgreiningar byggja á stöðlum Fornleifaverndar Ríkisins frá árinu 2008, sjá nánar um þessa staðla á heimasíðu á Fornleifaverndar:

<http://www.fornleifavernd.is/files/8/20080609105155104.pdf>

Minjar í hættu

Minjar í landi Árbakka eru almennt ekki í mikilli hættu að undanskilinni Árbakkabúð og fleiri minjum út við sjó, en mikið landbrot hefur átt sér stað á því svæði og telur Jakob Guðmundsson bóndi á Árbakka að um 8-10m hafi brotnað í sjó fram frá því um 1970 (munnl. heimild 15.06.2009).

NR	Fvr nr	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Hættumat	Vegna
29	11849	hóll	tóftahóll	híbýli	sjóbúð	mikil hættu	landbrots
30	11850	tóft		óþekkt		mikil hættu	landbrots
36	11856	tóft		óþekkt	naust/uppsátur	hættu	landbrots

Minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að þær verði fyrir skemmdum.

Áhugaverðar minjar á Árbakka til kynningar eða rannsókna

Árbakkabúð [nr. 29-30] hefur nú þegar verið merkt með skilti og má teljas þökkalegt aðgengi að staðnum frá Skagaströnd, þótt fara þurfi á vaði yfir Hrafná.

Hægt er að fara eftir vegi fram Hrafnadal upp frá Spákonufelli og að Fellsseli og Árbakkaseli [nr. 39-40] og geta hvort tveggja verið áhugaverðir viðkomuastaðir fyrir ferðafólk. Hægt er að fara að Fellsseli á góðu vaði yfir Hrafná og annað torfærara vað er yfir Kambá/Kambadalsá sunnan við Fellsel að Árbakkaseli.

Forvitnilegt væri að kanna nánar aldur bæði Árbakkabúðar og Árbakkasels. Upphaf búsetu á Árbakkabúð er óljóst og mætti hugsanlega fá nákvæmari upplýsingar um það með rannsókn á jarðlögum í sniðinu þar sem sjórinn hefur þegar brotið af minjunum og/eða með prufuskurðum og borkjarnatöku, víðar á svæðinu. Notkunarsaga Árbakkasels er að sama skapi ekki að fullu kunn þótt líklega hafi verið hætt að hafa þar í seli um eða fyrir aldamótin 1900.

Stekkjartóftin [nr. 27] við Hrafná vestur af Árbakka virðist eins og fram hefur komið byggð á eldri minjum [nr. 26]. Forvitnilegt væri að kanna hvers eðlis þær minjar eru. Hugsanlega hefur verið búseta á þessum stað, sjóbúð eða grasbýli. Tilraunir til aldursgreininga er hægt að gera

án mikils rasks með borkjarnasýnatöku eða umfangslitlum tilraunaskurði eða skurðum. Þá mætti með sömu aðferð komast að því hvort um mannabústað hafi verið að ræða á staðnum. Það er þó ekki hægt að ganga að því vísu að skýrar niðurstöður fáið í öllum tilfellum án viðameiri uppgrafter.

Minjar í landi Vindhælis

Lítið er eftir af heillegum minjum í heimatúninu á Vindhæli. Á gamla bæjarstæðinu eru þó öskuhólar [nr. 18-19] og þústir [nr. 5-6] auk þess sem leifar fjóss eru enn sýnilegar beggjavegna steinsteypts haughúss sem var í þeim miðjum [nr. 2]. Sjálfur gamli bærinn [nr. 1] er með öllu horfinn og stendur nyrsti hluti núverandi útihúsa að hluta yfir bæjarstæðinu. Í túninu sjást óljós ummerki um þrjú útihús, líklega fjárhús norðan gamla bæjarstæðisins [nr. 8], önnur fjárhús sunnan við núverandi afleggjara að íbúðarhúsinu [nr. 11] og ummerki um hesthús suðvestur af bænum [nr. 20]. Þá er lítt áberandi tóftahóll norðan við gömlu heimreiðina við jaðar gamla túnsins [nr. 16] og hryggur sést í túninu þar sem gamli túngarðurinn lá umhverfis túnið að norðan [nr. 14]. Vegslóði liggur eftir gömlu heimreiðinni [nr. 7] en auk þess sér móta fyrir götu í túninu til norðurs frá bænum [nr. 15].

Austan við bæ taka við mýrarsund og melhryggir og á þeim er nokkur fjöldi hleðsla. Sumar þeirra gætu verið vörðuleifar eða hleðslur sem smalar hafa hlaðið sér til afþreyingar eins og víða þekkist, en ekki er útilokað að einhverjar þeirra kunni að vera legstaðir fólks úr heiðni eða svonefnd kuml [nr. 21-25 og 33-37]. Hvort um kuml er að ræða verður hins vegar ekki fullyrt án frekari rannsókna.

Neðan við veginn sem liggur fram Hallárdal, um 400m frá Þjóðvegi 1, sér móta fyrir fornum réttar- eða stekkjartóftum [nr. 27]. Um 600m suðaustar eru tóftir Skógarhúsa [nr. 29] undir Skógaröxl nánast beint austur af bæ á Vindhæli. Óljós heimild er um að þar hafi verið búið einhvern tíma fyrir miðja 19. öld.

Vestan við Vindhæli er breiður flói að mestu uppþurrkaður og að stórum hluta kominn í tún. Vestan við hann taka við breiðir melar sem ná út að sjó með grónum bollum og sundum inná milli, í einu þeirra suðvestur af bæ er óljós þúst [nr. 56], hugsanlega leifar heygarðs. Þar suðaustar meðfram Hallá eru leifar mógrafa og mótófta [nr. 38-41] og að því er virðist stekkur neðar með ánni [nr. 42]. Á gilbarmi enn sunnar með ánni er umfangsmikil grjóthleðsla sem heimamenn hafa talið hugsanlegt kuml og er óvíst nema að svo sé þótt einnig geti verið um grjóthlaðinn grunn eða um uppblásnar leifar byggingar af einhverju tagi að ræða [nr. 43].

Út við sjó um 600m norðvestur af ósi Hallár eru leifar Vindhælisbúðar í Búðarvík [nr. 45-46] bæjarhóll, naust [nr. 48] og fleiri minjar [nr. 48-49]. Þar var búið um tíma á seinni hluta 19. aldar. Í næstu vík þar fyrir norðan líklega syðst á svonefndir Hvalfjöru eru óljósar leifar einhverskonar gripheldis eða fiskigarða, sem eru að hluta horfnir í sjó fram [nr. 51]. Þá er tóftarbrot við Litlastapa [nr. 52] þar norður af og hugsanlega leifar stekkjara eða jafnvel sels undir sunnanverðum Vindhælisstapa [nr. 53] um það bil beint vestur af Vindhæli. Austur undan stapanum er grjóthleðsla [nr. 54] líkust grjóthlöðnum grunni eða uppblásinni byggingu ekki ólík meintu kumli nr. 43.

Þá er óljós þúst [nr. 55] sem líklega hefur að geyma mannvirki af einhverju tagi við Bátsvík norðvestast í landi Vindhælis. En frá bátsvík var gert út m.a. til hrognkelsaveiða og hafður þar bátur.

Á Vindhæli flokkuðst engar minjar undir það að vera „heillegar“, 4 töldust „vel greinanlegar“, 25 „greinanlegar“ og 20 „illgreinanlegar“. Þessar skilgreiningar byggja á stöðlum Fornleifaverndar Ríkisins frá árinu 2008, sjá nánar um þessa staðla á heimasíðu á Fornleifaverndar: <http://www.fornleifavernd.is/files/8/20080609105155104.pdf>

Minjar í hættu

Minjar í landi Vindhælis eru almennt í fremur lítilli hættu, þó eru a.m.k. tvær í hættu vegna rofs, það er hleðsla austan við bæ (hugsanlegt kuml) nr. 21 og gömul rétt eða stekkur nr. 27 neðan við veginn fram Hallárdal, norðaustur af Vindhæli. Þá eru nokkrar minjar út við sjó í hættu vegna rofs og hefur hluti þeirra nú þegar orðið fyrir skemmdum. Helst er að nefna minjar í Búðarvík, bæjarhól Vindhælisbúðar [nr. 45] og veggjaleifar á honum [nr. 46], einnig uppsátur eða naust þar við [nr. 47] og þúst eða tóftahól norður af því [nr. 48]. Auk þess er garðlag sem gæti hafa verið gripheldi af einhverju tagi eða fiskigarður [nr. 51] að hluta farið í sjó þar skammt norðvestan við, syðst á svonefndri Hvalfjöru.

Nr	Fvr Nr	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Hættumat	Vegna
21	11881	hleðsla		óþekkt	kuml?	mikil hættu	rofs/ efnistöku
27	11887	tóft		óþekkt	rétt/stekkur	hættu	rofs
45	11905	tóftahóll	bæjarhóll	híbýli	sjóbúð	mikil hættu	landbrots
46	11906	tóft		híbýli	sjóbúð	hættu	landbrots
47	11907	tóft		uppsátur	naust	mikil hættu	landbrots
48	11908	þúst	tóftahóll	óþekkt	sjóbúð	mikil hættu	landbrots
51	11911	garðlag		óþekkt	rétt/fiskigarður	mikil hættu	landbrots

Minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrir sjáanlegt að þær verði fyrir skemmdum.

Áhugaverðar minjar á Vindhæli til kynningar eða rannsókna

Staðsetning, aldur og umfang kirkjugarðs og bænhúss á Vindhæli er afar fróðlegt og verðugt rannsóknarefni. Með þrúfuskurðum og borkjarnasýnum mætti finna útmörk garðsins og þannig koma í veg fyrir að hann verði fyrir óþarfa raski í framtíðinni.

Áhugavert væri að rannsaka nánar grjóthrúgurnar eða hleðslurnar austan við Vindhæli og kanna hvort einhver þeirra séu kuml [einkum nr. 21-25] og sömu leiðis hleðslan á gilbarmi Hallár [nr. 43] suðvestur af Vindhæli. En það yrði að gera með heildar uppgreiftri einhverra eða allra þeirra.

Þá væri fróðlegt að kanna með borkjarnatöku eða þrúfuskurðum aldur og eðli minja svonefndra Skógarhúsa [nr. 29]. Þar virðist geta verið um mannabústað að ræða en aðeins ein óljós heimild er fyrir því að þar hafi verið býli einhvern tíma fyrir miðja 19. öld.

Sömu leiðis væri fróðlegt að kanna aldur minja Vindhælisbúðar [nr. 45-46] við Búðarvík og vita hve langt aftur er hægt að teygja líklega búsetu á þeim stað.

Einnig að fá úr því skorið hvort sel kunni að hafa verið suðurundan Vindhælisstapa [nr. 53] eða hvort líklegra sé að þar hafi aðeins verið stekkur. Að endingu væri forvitnilegt að vita hve gamlar minjar réttarinnar eða stekksins [nr. 27] neðan við veginn fram Hallárdal eru, en þær virðast af útlitinu að dæma vera með elstu minjum á jörðinni.

Niðurlag

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat minja og minjagildis og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með heildarskráningu fornleifa innan sveitarfélagsins skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt. Fornleifaskráningu er þó í raun aldrei lokið og staðir geta bæst við síðar sem einhverra hluta vegna hafa farið framhjá skrásetjurum við vettvangsskoðun. Þeim minjum þarf þá að bæta inn á fornleifaskrána.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning þeirra er þekkt út frá heimildum, heimildamönnum eða öðrum ummerkjum í landslagi. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

Björn Lárusson (1967). *The Old Icelandic Land Registers*. Lund University: Lund.

Hjördis Gísladóttir (1989). „Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi“ Í *Húnaþing III*. Ritnefnd: Sigurður J. Línal og Stefán Á. Jónsson. Búnaðarsamband Austur- Húnavetninga o.fl.: Akureyri.

Húnaþing II (1978). Ritnefnd: Sigurður J. Línal og Stefán Á. Jónsson. Búnaðarsamband Austur- Húnavetninga o.fl.: Akureyri.

Íslenskt Fornbréfasafn I (1857-1876). Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn.

Íslenskt Fornbréfasafn II. (1893). Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn.

Íslenskt Fornbréfasafn V. (1899-1902). Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr Búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. (1847). Útgefandi: J.Johnsen: Kaupmannahöfn.

JÁM VIII - *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*. (1926). Hið íslenska fræðafélag: Kaupmannahöfn.

MB – Magnús Björnsson (1959). *Hrakhólar og höfuðból*. Bókaforlag Odds Björnssonar: Akureyri.

Ný jarðabók fyrir Ísland samin eptir tilskupun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskupun 1. aprílmánaðar 1861. (1861). Jarðabókaútgáfan: Kaupmannahöfn.

Páll Kolka (1950). *Föðurtún*. Útgefandi: P. V. G. Kolka: Reykjavík.

SS 1 - *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 I - Húnavatnssýsla*. (1950). Hið íslenska bókmenntafélag: Akureyri.

Aðrar heimildir

ÖGG - *Örnefni í landi jarðarinnar Árbakka í Vindhælishreppi*. (1959). Guðmundur Guðlaugsson skráði. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

ÖGJ – *Vindhæli*. Guðmundur Jósafatsson skráði. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

ÖGM – *Vindhæli Vindhælishreppi Austur Húnavatnssýslu*. Skrifað upp eftir Guðmanni Magnússyni. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

ÖLG – *Vindhæli*. Lárus G. Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

ÖSS – *Árbakki – Athugasemdir og viðbætur*. (1974). Sölvi Sveinsson skráði. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

Úttekt á Árbakka, dags. 20. júní 1864. Óprentað handrit. Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu.

Landamerkjabréf Árbakka frá árinu 1884. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.

Landamerkjabréf Vindhælis frá árinu 1890. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is.

Túnakort Árbakka. [Höfund og ártal vantar]. Óprentað handrit á Þjóðskjalasafni Íslands.

Túnakort Vindhælis. [Höfund og ártal vantar]. Óprentað handrit á Þjóðskjalasafni Íslands.

„Lýsing á ábúð og ástandi Þingeyraklausturs umboðsjarða sumarið 1881.“ ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð. Óprentað handrit á Þjóðskjalasafni Íslands.

Úttekt á Árbakka frá 1826. ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð II/84. Óprentað handrit á Þjóðskjalasafni Íslands.

Heimildamenn

Jakob H. Guðmundsson (f. 1945) bóndi á Árbakka og að hluta til uppalinn á jörðinni og eigandi hennar frá árinu 1961.

Magnús Bergmann Guðmannsson (f. 1961), bóndi á Vindhæli, fæddur þar og upp alinn.

Páll Magnússon (f. 1921), bóndi á Vindhæli frá 1944-1998, býr nú á dvalarheimili aldraðra á Blönduósi.

Fylgiskjöl

Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna.

Minjar í túni

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Bæjarhólar varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á **alkirkjum**, höfuðkirkjum (beneficum) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á **hálfkirkjum**, svokölluðum útkirkjum (annexium), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á **fjórðungs-** og **þriðjungskirkjum** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftedleyfi.

Bænhús voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gífta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrindir. Ætlað hefur verið að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

Aðrar minjar

Stærsti minjaflokkurinn teljast útihús hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt svo engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er stundum ekki hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

Fjós: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

Fjárhús: Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við vegg. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar aftan við fjárhúsin.

Hrútakofar: Smærri kofar oft yst í túni.

Lambhús: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

Hesthús: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

Smiðjur: Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

Kofar: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar.

Brunnar: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

Myllur: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúnar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læk. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

Kvíar: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og stekkir.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

Kuml/haugur/dys/kumlateigar: Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfnni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Oft eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

Réttir: Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettavaggi eða við náttúrulegt aðhald einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.

Stekkir, sem eru smaréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró, voru notaðir fyrstu dagana við fráfærur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan

hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

Nátthagar: Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mýlkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakró yfir nóttina, en sleppt til ána á daginn. Nátthaganna voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftast en ekki í næsta nágrenni.

Sel: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læk. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17.-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

Stöðull: Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurrur stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

Beitarhús: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnunum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftast en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

Smalakofar: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

Heytóftir: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

Fjárborgir: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

Garðlög: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.

Heyvinnsla: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifið innan túns.

Við sjó

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kann þar að finna nokkuð fjölbreyttar minjar.

Sjóhús/verbúðir: sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

Fiskbyrgi: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

Hjallar: Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuð upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

Naust/hróf: Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra veggheðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

Uppsátur: Þar lögðu menn upp bátum. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru voru líka til en eru sjaldgæfari.

Fiskgarðar: Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

Tómthús/þurrabúðir: Voru smá býli eða hús við sjávarsíðuna sem voru í eigu útvegsbænda en þar bjuggu svokallaðir tómthúsmenn. Þessu fólki var gert að sjá sér sjálft farborða en sú kvöð var á ábúðinni að menn réru á báti húsbóndans. Tómthúsmenn höfðu sjaldnast jarðnæði né búpening. Hús þessi voru gjarnan einföld og fátækleg og tóftir þeirra hafa oft horfið við frekari þéttbýlismyndun.

Skýringar á hnitatöflu

Þar sem tegund minja er skilgreind sem heimild, er annað hvort um að ræða minjar sem ekki eru lengur sýnilegar á yfirborði, fundust ekki, eða voru ekki skoðaðar á vettvangi.

Rétt er að taka fram að tölurnar sem hér eru gefnar upp um aldur minja eru að jafnaði mat skráningaraðila byggt á ástandi og útliti minjanna. Sumstaðar eru þó heimildir fyrir byggingarári og hvenær hætt var að nota bygginguna, í báðum tilfellum verður þó að hafa þann fyrirvara að minjarnar geti átt sér lengri sögu eða jafnvel verið byggðar á enn eldri minjum.

Í hnitatöflunni eru dálkar fyrir ástand, hættumat, hættuorsök og ástæður þess að minjar hafa horfið ef það er vitað. Þetta mat á minjunum byggir á eftirfarandi stöðlum Fornleifaverndar Ríkisins frá 2008:

Ástand:

1. **Ekki sést til fornleifa.** Rústin er horfin, byggt hefur verið á henni eða henni rutt burt eða er hreinlega ekki lengur sjáanleg á yfirborði. Ef um óeiginlegar fornleifar er að ræða þá hefur umhverfið breyst það mikið að ekki er hægt að staðsetja þær út frá umhverfispáttum.
2. **Illgreinanlegar fornleifar.** Fornleifarnar hafa orðið fyrir töluverðu raski af völdum náttúru eða mönnum. Hleðslur útlattar.
3. **Greinanlegar fornleifar.** Fornleifarnar eru greinanlegar en erfitt að sjá upprunalegt lag eða form mannvirkis. Ef um hleðslur er að ræða þá eru þær signar og eða hrundar að því marki að lögun tófta er orðin ógreinileg og hafa jafnvel hlaupið í þúfur.
4. **Vel greinanlegar fornleifar.** Fornleifarnar ágætlega greinanlega og upprunalegt lag eða form þeirra sjáanlegt. Ef um hleðslur er að ræða þá standa þær grónar. Hleðslur byrjaðar að renna í sundur en standa enn að mestu leyti þannig að lögun og herbergjaskipun tófta er greinileg, gróð yfir grjóti í veggjum og gólfi.
5. **Heillegar fornleifar.** Upprunalegt lag og form mjög greinilegt. Ef um hleðslur er að ræða þá standa þær að mestu heilar. Í þennan flokk koma hús með heila veggi og hrúnið þak en einnig torfhús sem enn eru undir þaki.

Ef rústin er horfin eða sést ekki þá skal hér geta um ástæður hvarfsins:

- 1) **undir hrauni:** Rústin hefur horfið undir hraun
- 2) **vegna bygginga:** Rústinni hefur verið mokað burt við byggingaframkvæmdir hverskonar (annarra en vegagerðar) eða byggt á henni/yfir hana. Hér með teljast hafnir, flugvöllir, golfvöllir og íþróttvöllir.
- 3) **vegna vegagerðar:** Rústinni hefur verið mokað burt við vegagerð eða vegur lagður yfir hana.
- 4) **sléttað yfir:** Sléttað hefur verið yfir rústina, henni jafnað út eða mokað burt við jarðrækt, þ.á.m. túnrækt, m. framræslu og skurðgrefti.
- 5) **vegna ræktunar:** Rústin hefur horfið vegna ræktunar, t.d. skógræktar án þess að víst sé að sléttað hafi verið yfir hana.
- 6) **vegna niðurrifs:** Rústin hefur verið rifin og jöfnuð niður í óákveðnum tilgangi (t.d. sem fegrunaraðgerð, til að búa til pláss í hlaði o.s.fr.v.)
- 7) **vegna efnistöku:** Rústin hefur horfið í malarnámi eða annari efnistöku.
- 8) **vegna fyllingar:** Rústin hefur lent undir landfyllingu eða annarskonar fyllingu.
- 9) **vegna rasks:** Rústin hefur horfið af mannavöldum, en óvíst nákvæmlega hverjum. Rústir hafa oft horfið smátt og smátt vegna nálægðar við athafnasvæði.
- 10) **vegna landbrots:** Rústin hefur horfið þar sem land hefur brotið af vegna ágangs sjávar eða vatnsfalla.

- 11) **vegna skriðufalla:** Rústin hefur horfið vegna aurskriða eða snjóflóða
- 12) **vegna uppblásturs:** Rústin hefur blásið upp.
- 13) **vegna vatnsrofs:** Rústin hefur horfið vegna vatnsaga án þess að um landbrot hafi verið að ræða, t.d. verið skolað burt í vatnavöxtum eða hrunið á gilbarmi.
- 14) **vegna áföks**
- 15) **ekki vitað**

Hættumat - Við hættumatið er gengið útfrá eftirfarandi flokkun:

1. **Engin hætta:** Engin eða mjög lítil augljós hætta er á því að fornleifarnar verði fyrir raski í náninni framtíð af náttúrulegum eða manna völdum.
2. **Hætta:** Fornleifarnar eru á athafnasvæði eða rofssvæði þar sem hætta á röskun er fyrirsjáanleg.
3. **Mikil hætta:** Fornleifarnar eru þegar farnar að skemmast og liggja undir ágangi manna, dýra eða náttúru. Bregðast verður skjótt við svo fornleifarnar verði ekki fyrir frekari röskun.

Hættuorsök - Undir þessum lið skal greina af hvaða völdum fornleifunum stafar helst hætta.

- 1) **vegna jarðræktar:** Fornleifar í ræktuðu túni eða fornleifar sem hafa verið sléttaðar undir tún eða aðra jarðrækt.
- 2) **vegna trjáræktar:** Fornleifar á skógræktarsvæðum eða svæðum þar sem skógrækt er fyrirhuguð.
- 3) **vegna bygginga:** Fornleifar sem eru í hættu vegna fyrirhugaðra húsbygginga, lenda undir hússtæðum eða í næsta nágrenni þeirra þar sem vænta má rasks í sambandi við framkvæmdirnar.
- 4) **vegna efnistöku:** Fornleifar sem eru í hættu vegna grjótnáms eða annarrar efnistöku.
- 5) **vegna vegagerðar:** Fornleifar sem eru í hættu vegna vegagerðar, lenda í fyrirhugaðri veglínu eða næsta nágrenni hennar þar sem vænta má rasks í sambandi við framkvæmdirnar.
- 6) **vegna framkvæmda:** Fornleifar sem eru í hættu vegna framkvæmda annara en vegagerðar og húsbygginga, t.d. virkjana, hafnargerðar, línulagna og breyttrar landnotkunar, s.s. golfvalla og sumarbústaða.
- 7) **vegna rasks:** Fornleifar sem eru í hættu af ágangi manna eða dýra eða öðrum óskilgreindum ástæðum.
- 8) **vegna landbrots:** Fornleifar sem eru í hættu vegna landbrots.
- 9) **vegna rofs:** Fornleifar sem eru í hættu vegna uppblásturs eða vatnsrofs.
- 10) **vegna skriðufalla:** Fornleifar sem eru í hættu vegna snjóflóða og aurskriða.
- 11) **vegna jarðsetningar:** Aðeins í kirkjugörðum þar sem vitað er að kirkjur hafa staðið lengi og greftrað hefur verið öldum saman.


Staðlana má nálgast í heild sinni á heimasíðu Fornleifaverndar Ríkisins á slóðinni:

<http://www.fornleifavernd.is/files/8/20080609105155104.pdf>

Árbakki_Hnitatafla

NR	Fvr nr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfið vegna	Hættumat	Vegna	Hæð/ dýpt frá	Hæð/ dýpt til	Veggbr.	Austun	Norðun
1	11821	Árbakki	heimild		híbyli		1800	1975	sést ekki	bygginga/framkvæmda	engin hætta		0,0	0,0		441872	592282
2	11822		heimild		skemma		1800	1950	sést ekki	bygginga	engin hætta		0,0	0,0		441880	592262
3	11823		gata		óþekkt	heimreið	1000	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,0	3,00	441783	592268
4	11824		heimild		fjós		1800	1950	sést ekki	bygginga	engin hætta		0,0	0,0		441888	592215
5	11825		heimild		matjurtagarður		1800	1950	sést ekki	uppblasturs	engin hætta		0,0	0,0		441946	592237
6	11826		tóft		óþekkt		1900	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,2	1,0		441822	592149
7	11827		þúst		óþekkt		1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,0	0,1		441740	592235
8	11828		tóft		óþekkt		1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,0	0,1		441742	592248
9	11829		niðurgroftur		gryfja		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,3		441738	592252
10	11830		garðlag		túngarður		1800	1900	vel greinanleg	sléttunar	engin hætta		0,6	1,0	1,70	441959	592168
11	11831		tóft		fjárhús	brístæð með hlöðu	1900	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,3	0,8		441989	592405
12	11832		tóft		óþekkt	hugsanlega fjárhús m. hevtóft	1800	1800	greinanleg		engin hætta		0,3	0,4		442002	592394
13	11833				óþekkt		1700	1800	illgreinanleg		engin hætta		0,1	0,2		441998	592386
14	11834		garðlag		matjurtagarður		1900	1100	greinanleg		engin hætta		0,0	0,3		442024	592399
15	11835		tóft		útihús		1700	1800	greinanleg		engin hætta		0,0	0,3		442017	592375
16	11836		tóft	veggbrot	óþekkt		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,4		441972	592382
17	11837		brunnur		vatnsból		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,0		441969	592383
18	11838		niðurgroftur	eda lækur	óþekkt	skurður	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,3		441957	592393
19	11839		garðlag		óþekkt		1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,2	0,3	1,00	441917	592317
20	11840		heimild		matjurtagarður		1850	1950	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0		441850	592260
21	11841		dæld	sokkið veggjalag	óþekkt		1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,1	0,0		441916	592181
22	11842		hryggur		óþekkt	túngarður	0	1900	illgreinanleg	sléttunar	engin hætta		0,0	0,4	2,00	441783	592159
23	11843	Torfhvammur	heimild		torfrista /-stunga		1700	1950	sést ekki		engin hætta		0,0	0,0		441083	591882
24	11844		niðurgroftur		mógrafir		1700	1900	greinanleg		engin hætta		0,5	1,0		440948	591765
25	11845		tóft		mókofi		1700	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	0,4		440957	591750
26	11846	Gamlistekkur	tóftahóll	tóft	óþekkt	stekkur?	1200	1800	illgreinanleg		engin hætta		0,0	0,0		440647	591675
27	11847	Gamlistekkur	tóft		stekkur		1700	1900	greinanleg		engin hætta		0,4	0,5		440644	591675
28	11848	Vetrarbraut	rutt svæði	vegur	leið	sleðabraut	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,0		440615	591538
29	11849	Árbakkabúð	hóll	tóftahóll	híbyli	sjóbúð	1845	1950	illgreinanleg		mikil hætta	landbrots	1,0	1,5		440139	591537
30	11850	Árbakkabúð	tóft		óþekkt		1700	1900	greinanleg		mikil hætta	landbrots	0,0	0,1		440131	591535
31	11851	Árbakkabúð	niðurgroftur		óþekkt		0	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,6		440157	591537
32	11852	Árbakkabúð	þúst		óþekkt		1700	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,3	0,4		440199	591510
33	11853	Árbakkabúð	tóft		óþekkt		1700	1900	greinanleg		engin hætta		0,1	0,5		440200	591479
34	11854	Árbakkabúð	tóft		óþekkt	naust	1200	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,3	0,4		440228	591431
35	11855		garðlag		óþekkt		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,1	0,3	0,80	440375	591129
36	11856		tóft		óþekkt	naust/uppsátur	1700	1900	illgreinanleg		hætta	landbrots	0,0	0,1		440307	590905
37	11857		tóft		óþekkt		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	0,4		440373	590881
38	11858		hleðsla	tóft	óþekkt	smalabyrgi	800	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	0,4		443853	593408
39	11859	Árbakkasel	tóft		sel	sambyggðar kvíar	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,6		445564	594367
40	11860		tóft		óþekkt		1700	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,4		445562	594379
41	11917		varða		óþekkt		1800	1900	heilleg		engin hætta		1	1		442561	592326

Árbakki - Yfirlitskort 1



Árbakki - Yfirlitskort 2



Kambá/Kambadalsá

Árbakkasel



39-40

Hrafná

38

0

500

M



Vindhæli_Hnitatafla

NR	Fvr Nr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfin v.	Hættumat	Vegna	hæð/ dýpt frá	hæð/ dýpt til	Veggbr.	Norðun	Austun
1	11861	Vindhæli	heimild		Híbýli		1800	1953	sést ekki	framkv.	engin hætta		0,0	0,0		442212	590023
2	11862		tóft		óþekkt	fjós	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,6		442210	590036
2	11862		garðlag	veggbrot	óþekkt		1700	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,1	0,2		442221	590035
3	11863		heimild		óþekkt		1800	1900	sést ekki		engin hætta		0,0	0,0		442188	590032
4	11864	bænhús	frásögn		bænhús		800	1900	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0		442162	589944
5	11865		þúst		óþekkt	"hús"	1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,5	2,0		442170	590033
6	11866		þúst		óþekkt	"gamla rústir"	800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,5	2,0		442170	590033
7	11867		gata		traðir	heimreið	1700	1900	greinanleg		engin hætta		0,1	0,2		442070	590046
8	11868		dæld		óþekkt		1700	1800	illgreinanleg		engin hætta		0,1	0,1		442222	590079
9	11869		heimild		fjðrhús		1800	1900	sést ekki		engin hætta		0,0	0,0		442215	590119
10	11870		heimild		hesthús		1800	1900	sést ekki		engin hætta		0,0	0,0		442205	590172
11	11871		dæld		lambhús		1800	1900	illgreinanleg	sléttunar	engin hætta		0,0	1,0		442236	589946
12	11872		dæld		óþekkt		800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,0	0,1		442239	589939
13	11873		dæld		fjðrhús		1800	1900	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0		442249	589858
14	11874		hryggur		óþekkt		1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,1	0,3	5,00	442097	590175
15	11875		gata	dæld	leið	heimreið	1700	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,0	0,0		442139	590151
16	11876		hóll		óþekkt	toftalegur	1700	1800	illgreinanleg		engin hætta		0,1	0,3		442005	590056
17	11877		beðasléttur		jarðræktarsvæði		1800	1900	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0		442199	589874
18	11878		hóll		öskuhaugur		900	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	1,2		442184	590057
19	11879		hóll		öskuhaugur		900	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	8,0		442187	590045
20	11880		dæld		óþekkt		900	1900	illgreinanleg	sléttunar	engin hætta		0,0	0,1		442150	589904
21	11881		hleðsla		óþekkt	kuml?	800	1000	illgreinanleg		mikil hætta	rofs/ efnistöku	0,1	0,1		442345	590044
22	11882		hleðsla		óþekkt	kuml?	800	1000	greinanleg		engin hætta		0,1	0,1		442373	590003
23	11883		hleðsla		óþekkt	kuml?	800	1000	illgreinanleg		engin hætta		0,1	0,1		442377	589995
24	11884		hleðsla		óþekkt	kuml?	800	1800	greinanleg		engin hætta		0,1	0,2		442385	589986
25	11885		hleðsla		óþekkt	kuml?	800	1800	greinanleg		engin hætta		0,2	0,2		442372	589973
26	11886		niðurgroftur		torftökustaður		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,3		442444	590669
27	11887		tóft		óþekkt	rétt/stekkur	800	1500	greinanleg		hætta	rofs	0,5	0,6		442493	590521
28	11888		varða		óþekkt		800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,5	0,6		442656	590410
29	11889	Skógarhús	tóft		óþekkt		1600	1800	greinanleg		engin hætta		0,3	0,6		442933	590061
30	11890		dæld		óþekkt		800	1800	illgreinanleg		engin hætta		0,4	0,6		442912	590062
31	11891		hleðsla	tóft	óþekkt		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,3	0,7		443281	590086
32	11892		hleðsla	náttúrulegt?	óþekkt		800	1800	illgreinanleg		engin hætta		0,0	2,0		443357	589910
33	11893		varða		óþekkt		800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,4	0,4		443137	589869
34	11894		hleðsla		kennimark	varða/kuml?	800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	3,0		442968	589646
35	11895		Varða		kennimark	varða	800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	5,0		442788	589774
36	11896		hleðsla		óþekkt	kuml	800	1900	greinanleg		engin hætta		0,1	0,2		442678	589844
37	11897		hleðsla	steinlogn	kennimark	varða/kuml?	800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,2	0,3		442649	589865
38	11898		tóft		heygarður	motoft	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	0,4		441946	589250
39	11899		þúst	hóll	mókofi		1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,2	0,3		441947	589233

Vindhæli_Hnitatafla

40	11900		niðurgröftur		mógröf		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,4		441958	589181
NR	Fvr Nr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfin v.	Hættumat	Vegna	hæð/ dýpt frá	hæð/ dýpt til	Veggbr.	Norðun	Austun
41	11901		niðurgröftur		mógröf		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,0		441910	589079
42	11902		garðlag		stekkur		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,1	0,3		441817	589019
42	11902		tóft		óþekkt	kró	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,1	0,3		441818	589013
43	11903		hleðsla	kuml	óþekkt		800	1800	illgreinanleg		engin hætta		0,0	0,1		441818	588717
44	11904		hleðsla	varða	óþekkt		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,3	0,4		441818	588722
45	11905	Vindhælisbúð	Tóftahóll	Bæjarhóll	híbýli	sjóbúð	1800	1800	illgreinanleg		mikil hætta	landbrot	0,5	1,0		441159	588556
46	11906		tóft		híbýli	sjóbúð	1800	1900	greinanleg		hætta	landbrots	0,2	0,4		441159	588556
47	11907		tóft		uppsátur	naust	1800	1900	greinanleg		mikil hætta	landbrots	0,2	0,6		441144	588563
48	11908		hóll	toftaholl	óþekkt	sjobuð?	1600	1800	illgreinanleg		mikil hætta	landbrots	0,1	0,4		441121	588574
49	11909		niðurgröftur		torftökustaður		1600	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	0,3		441130	588577
50	11910		hleðsla		óþekkt		800	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	0,3		440993	588540
51	11911		garðlag		óþekkt		800	1800	greinanleg		mikil hætta	landbrots	0,0	0,1		440980	588578
52	11912		tóft		óþekkt		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	0,4		440889	589125
53	11913		tóft		óþekkt	sel? rett	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,6		440994	589910
53	11913		tóft		óþekkt	sel? rett	1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,3	0,6		441000	589908
54	11914		hleðsla		óþekkt		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,1	0,2		441067	589962
55	11915		þúst		óþekkt		1700	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,5	0,6		440430	590545
56	11916				heygarður		1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,2	0,3		441562	589497

Vindhæli - Yfirlitskort





Byggðasafn Skagfirðinga
2009